

Samningur um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu

Texti samningsins	1
Viðauki A: Skrá sem um getur í 3. gr. samningsins	9
I. hluti: Gerðir sem vísað er til í EES-samningnum, eins og honum var breytt með aðildarlögnum frá 9. desember 2011	9
II. hluti: Aðrar breytingar á viðaukunum við EES-samninginn	9
Viðauki B: Skrá sem um getur í 4. gr. samningsins	12
Lokagerð	15
Texti lokagerðarinnar	15
Sameiginlegar yfirlýsingar núverandi samningsaðila og nýja samningsaðilans	20
Aðrar yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila	23
Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu	24
Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu	28
Viðbótarbókun við samninginn milli Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um fjármagnskerfi Noregs fyrir tímabilið 2009-2014 í kjölfar þátttöku Lýðveldisins Króatíu í Evrópska efnahagssvæðinu	32
Samningar í formi bréfaskipta sem varða bráðabirgðabeitingu samningsins um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu og bráðabirgðabeitingu viðbótarbókunar við samning milli Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2009–2014	36
Skjöl sem varða aðild Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu	
Sáttmáli milli Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Tékklands, Konungsríkisins Danmerkur, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Eistlands, Írlands, Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Frakklands, Lýðveldisins Ítalíu, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Portúgals, Rúmeníu, Lýðveldisins Slóveníu, Lýðveldisins Slóvakíu, Lýðveldisins Finnlands, Konungsríkisins Svíþjóðar, Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (aðildarríkja Evrópusambandsins) og Lýðveldisins Króatíu um inngöngu Lýðveldisins Króatíu í Evrópusambandið	48
Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun að sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu	59
<i>(Hlutar sem varða EES)</i>	

III. viðauki:	Skrá sem um getur í 15. gr. aðildarlaganna: aðlaganir á gerðum sem stofnanirnar hafa samþykkt	79
IV. viðauki:	Skrá sem um getur í 16. gr. aðildarlaganna: önnur varanleg ákvæði	81
V. viðauki:	Skrá sem um getur í 18. gr. aðildarlaganna: umbreytingarráðstafanir	83

SAMNINGUR**um þátttöku Lýðveldisins Króatíu
á Evrópska efnahagssvæðinu**

EVROPUSAMBANDIÐ,
KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,
LÝÐVELDIÐ BÚLGARÍA,
LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ EISTLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
LÝÐVELDIÐ KÝPUR,
LÝÐVELDIÐ LETTLAND,
LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
UNGVERJALAND,
LÝÐVELDIÐ MALTA,
KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
RÚMENÍA,
LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,
LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
KONUNGRÍKIÐ SVÍÐJÓÐ,

HÍÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

hér á eftir nefnd „aðildarríki Evrópusambandsins“,

ÍSLAND,

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

hér á eftir nefnd „EFTA-ríki“,

nefnast saman hér á eftir „núverandi samningsaðilar“,

og

LÝÐVELDIÐ KRÓATÍA,

ÞAR EÐ sáttmáli um aðild Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu (hér á eftir nefndur „aðildarsáttmáli“) var undirritaður í Brussel 9. desember árið 2011,

ÞAR EÐ skv. 128. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem var undirritaður í Óportó 2. maí árið 1992, er Evrópuríki, sem gengur í Bandalagið, skylt að sækja um aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“),

ÞAR EÐ Lýðveldið Króatía hefur sótt um að gerast aðili að EES-samningnum,

ÞAR EÐ fjallað skal um skilyrði og skilmála fyrir slíkri þátttöku í samningi milli núverandi samningsaðila og umsóknarríkisins,

HAFI ÁKVÆÐIÐ að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

1. Lýðveldið Króatía öðlast hér með aðild að EES-samningnum og nefnist hér á eftir „ný samningsaðilinn“.
2. Um leið og samningur þessi öðlast gildi skulu ákvæði EES-samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem samþykktar voru fyrir 30. júní 2011, verða bindandi fyrir nýja samningsaðilann með sömu skilyrðum og fyrir núverandi samningsaðila og með þeim skilmálum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í samningi þessum.
3. Viðaukar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

2. gr.

1. AÐLÖGUN MEGINMÁLS EES-SAMNINGSINS

a) Inngangsorð:

- i) Eftirfarandi bætist við í skrá um samningsaðila á eftir Lýðveldinu Frakklandi:
„LÝÐVELDIÐ KRÓATÍA,“
- ii) Orðið „LÝÐVELDIÐ“ á undan orðinu „UNGVERJALAND“ falli niður.
- iii) Orðið „LÝÐVELDIÐ“ bætist við á undan orðinu „MALTA“.

b) 2. gr.:

- i) Brott falli f-liður.
- ii) Eftirfarandi bætist við á eftir e-lið:
„f) hugtakið „aðildarlögin frá 9. desember 2011“ merkir lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, sem voru undirrituð í Brussel 9. desember 2011.“

c) 117. gr.:

Í stað textans í 117. gr. komi eftirfarandi:

„Ákvæði um fjármagnskerfin er að finna í bókun 38, bókun 38a, viðbót við bókun 38a, bókun 38b og viðbót við bókun 38b.“

d) 129. gr.:

- i) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Vegna stækkana Evrópska efnahagssvæðisins skulu útgáfur af samningi þessum á búlgörsku, eistnesku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungersku vera jafngildar.“

- ii) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku og þýsku eins og þeir birtast í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.“

2. AÐLAGANIR Á BÓKUNUM VIÐ EES-SAMNINGINN

a) Bókun 4 um upprunareglur skal breytt sem hér segir:

i) Ákvæði IV. viðauka a (Texti yfirlýsingar á vörureikningi) breytist sem hér segir:

aa) Eftirfarandi bætist við á undan hinni ítölsku útgáfu texta yfirlýsingar á vörureikningi:

„Króatísk útgáfa

Izvoznik proizvoda obuhvaćenih ovom ispravom (carinsko ovlaštenje br ... ⁽¹⁾) izjavljuje da su, osim ako je drukčije izričito navedeno, ovi proizvodi... ⁽²⁾ preferencijalnog podrijetla.“

ii) Ákvæði IV. viðauka b (Texti EUR-MED-yfirlýsingar á vörureikningi) breytist sem hér segir:

aa) Eftirfarandi bætist við á undan hinni ítölsku útgáfu texta EUR-MED-yfirlýsingar á vörureikningi:

„Króatísk útgáfa

Izvoznik proizvoda obuhvaćenih ovom ispravom (carinsko ovlaštenje br ... ⁽¹⁾) izjavljuje da su, osim ako je drukčije izričito navedeno, ovi proizvodi ... ⁽²⁾ preferencijalnog podrijetla.

– cumulation applied with(heiti lands/landa)

– no cumulation applied ⁽³⁾“

b) Eftirfarandi bætist við í bókun 38b:

„VIÐBÓT VIÐ BÓKUN 38B UM FJÁRMAGNSKERFI EES FYRIR LÝÐVELDIÐ KRÓATÍU*1. gr.*

1. Ákvæði bókunar 38b skulu gilda um Lýðveldið Króatíu að breyttu breytanda.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. gildir fyrsti málslíður 3. mgr. 3. gr. bókunar 38b ekki.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. gildir 6. gr. bókunar 38b ekki. Ekki skal endurúthluta til annars styrkris fjármunum ætluðum Króatíu sem eru til ráðstöfunar án þess að skuldbinding hafi myndast.

2. gr.

Fjárhæðirnar, sem aukið er við fjárframlög vegna Lýðveldisins Króatíu skulu vera 5 milljónir evra á tímabilinu frá 1. júlí 2013 til 30. apríl 2014, að báðum dögum meðtöldum, og vera til úthlutunar í einni greiðslu frá gildistökudegi samningsins um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu eða samnings um að beita samningnum til bráðabirgða.“

c) Í stað texta bókunar 44 komi eftirfarandi:

„UM VERNDARRÁÐSTAFANIR Í TENGLUM VIÐ STÆKKANIR EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

1. Beiting 112. gr. samningsins í tengslum við almenn efnahagsleg verndarákvæði og verndarráðstafanir sem er að finna í tilteknu bráðabirgðafyrirkomulagi um frjálsa för fólks og flutninga á vegum

Ákvæði 112. gr. samningsins gilda einnig í þeim tilvikum sem tilgreind eru eða um getur

a) í ákvæðum 37. gr. aðildarlaganna frá 16. apríl 2003, 36. gr. aðildarlaganna frá 25. apríl 2005 og 37. gr. aðildarlaganna frá 9. desember 2011, og

b) í verndarráðstöfunum í bráðabirgðafyrirkomulaginu undir fyrirsögninni „Aðlögunartímabil“ í V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur), í 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB) í XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna), í lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93)

og í lið 53a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92) í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og skulu tímamörk, gildissvið og áhrif vera hin sömu og mælt er fyrir um í þessum ákvæðum.

2. Verndarákvæði sem varðar innra markaðinn

Almenn tilhögun ákvarðanatöku, sem kveðið er á um í samningnum, gildir einnig um ákvarðanir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur við beitingu 38. gr. aðildarlaganna frá 16. apríl 2003 og 37. gr. aðildarlaganna frá 25. apríl 2005 og 38. gr. aðildarlaganna frá 9. desember 2011.“

3. gr.

1. Allar breytingar, sem verða á gerðum sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt og felldar hafa verið inn í EES-samninginn, samkvæmt lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu (hér á eftir nefnd „aðildarlögin frá 9. desember 2011“) eru hér með felldar inn í EES-samninginn og verða hluti af honum.

2. Í þessu skyni bætist eftirfarandi undirliður við í þeim liðum viðauka og bókana við EES-samninginn sem hafa að geyma tilvísanir til gerða sem samþykktar hafa verið af viðkomandi stofnunum Evrópusambandsins:

„– 1 2012 J003: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, samþykkt 9. desember 2011 (Stjtíð. ESB L 112, 24.4.2012, bls. 21).“

3. Þegar undirliðurinn, sem um getur í 2. mgr., er fyrsti undirliður viðkomandi liðar skal setja á undan honum orðin „ , , eins og henni var breytt með:“

4. Í viðauka A við samning þennan eru taldir upp þeir liðir í viðaukum og bókunum við EES-samninginn sem breyta þarf með því að skjóta inn textanum sem um getur í 2. og 3. mgr.

5. Reynist nauðsynlegt vegna þátttöku nýja samningsaðilans að aðlaga gerðir sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn fyrir gildistöku samnings þessa og sé þann aðlögunartexta ekki að finna í samningi þessum verður staðið að þeirri aðlögun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

4. gr.

1. Það fyrirkomulag, sem er að finna í aðildarlögunum frá 9. desember 2011, sem um getur í viðauka B við samning þennan, er hér með felld inn í EES-samninginn og telst hluti af honum.

2. Staðið verður að hverju því fyrirkomulagi, sem varðar EES-samninginn og um getur í aðildarlögunum frá 9. desember 2011 en er ekki getið í viðauka B við samning þennan, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

5. gr.

Öllum aðilum að samningi þessum er heimilt að leggja fyrir sameiginlegu EES-nefndina hvert það mál sem varðar túlkun hans eða beitingu. Sameiginlegu EES-nefndinni ber að taka málið til athugunar með það fyrir augum að finna lausn sem stuðlar að góðri framkvæmd EES-samningsins.

6. gr.

1. Núverandi samningsaðilar og nýi samningsaðilinn skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildinguna eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

2. Samningur þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta skjal um fullgildingu eða samþykki núverandi samningsaðila eða nýja samningsaðilans er afhent til vörslu, að því tilskildu að eftirfarandi samningar og bókanir, sem tengjast honum, öðlist gildi sama dag:


- a) Viðbótarbókun við samning milli Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2009 til 2014 vegna þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu.
- b) Viðbótarbókun við samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu og
- c) Viðbótarbókun við samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu.

7. gr.

Samningur þessi, sem er gerður í einu frumriti á búlögörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, slóvösku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku, þýsku, íslensku og norsku, og er hver þessara texta jafngildur, skal afhentur aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu og sendir skrifstofan ríkisstjórn hvers samningsaðila staðfest endurrit.

Съставено в Брюксел на единадесети април две хиляди и четиринадесета година.
Hecho en Bruselas, el once de abril de dos mil catorce.
V Bruselu dne jedenáctého dubna dva tisíce čtrnáct.
Udfærdiget i Bruxelles den ellefte april to tusind og fjorten.
Geschehen zu Brüssel am elften April zweitausendvierzehn.
Kahe tuhande neljateistkümnenda aasta aprillikuu üheteistkümnendal päeval Brüsselis.
Ἐγινε στις Βρυξέλλες, στις ένδεκα Απριλίου δύο χιλιάδες δεκατέσσερα.
Done at Brussels on the eleventh day of April in the year two thousand and fourteen.
Fait à Bruxelles, le onze avril deux mille quatorze.
Sastavljeno u Bruxellesu jedanaestog travnja dvije tisuće četrnaeste.
Fatto a Bruxelles, addì undici aprile duemilaquattordici.
Briselē, divi tūkstoši četrpadsmitā gada vienpadsmitajā aprīlī.
Priimta du tūkstančiai keturioliktą metų balandžio vienuoliktą dieną Briuselyje.
Kelt Brüsszelben, a kétézer-tizenegyedik év április havának tizenegyedik napján.
Magħmul fi Brussell, fil-hdax-il jum ta' April tas-sena elfejn u erbatax.
Gedaan te Brussel, de elfde april tweeduizend veertien.
Sporządzono w Brukseli dnia jedenastego kwietnia roku dwa tysiące czternastego.
Feito em Bruxelas, em onze de abril de dois mil e catorze.
Întocmit la Bruxelles la unsprezece aprilie două mii paisprezece.
V Bruseli jedenásteho aprila dvetisícštrnást'.V Bruslju, dne enajstega aprila leta dva tisoč štirinajst.
Tehty Brysselissä yhdenentoista päivänä huhtikuuta vuonna kaksituhattaneljätoista.
Som skedde i Bryssel den elfte april tjugohundrafjorton.
Gjört í Brussel hinn 11. apríl 2014.
Utferdiget i Brussel, ellefte april totusenogfjorten.

Za Evropský svaz
Por la Unión Europea
Za Evropskou unii
For Den Europæiske Union
Für die Europäische Union
Euroopa Liidu nimel
Για την Ευρωπαϊκή Ένωση
For the European Union
Pour l'Union européenne
Per l'Unione europea
Eiropas Savienības vārdā —
Europos Sąjungos vardu
Az Európai Unió részéről
Għall-Unjoni Ewropea
Voor de Europese Unie
W imieniu Unii Europejskiej
Pela União Europeia
Pentru Uniunea Europeană
Za Európsku úniu
Za Evropsko unijo
Euroopan unionin puolesta
För Europeiska unionen



Fyrir hönd Íslands



Für das Fürstentum Liechtenstein



For Kongeriket Norge



Za Republiku Hrvatsku



VIÐAUKI A

Skrá sem um getur í 3. gr. samningsins

I. HLUTI

**GERDIR SEM VÍSAÐ ER TIL Í EES-SAMNINGNUM, EINS OG HONUM VAR BREYTT MED
AÐILDARLÖGUNUM FRÁ 9. DESEMBER 2011**

Undirliðurinn, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., bætist við á eftirfarandi stöðum í viðaukum og bókunum við EES-samninginn:

Í XXVII. kafla (Brenndir drykkir) II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun):

- í 3. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91)

Í VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi):

- í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB)

Í XVII. viðauka (Hugverkaréttindi):

- í 6. lið a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96)

Í IX. viðauka (Fjármálaþjónusta):

- í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB)

Í XX. viðauka (Umhverfismál):

- í 21. lið al (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB)

II. HLUTI

AÐRAR BREYTINGAR Á VIÐAUKUNUM VIÐ EES-SAMNINGINN

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á viðaukunum við EES-samninginn:

Í II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun – II. hluti):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókarinnar frá 25. apríl 2005“ í 12. lið a í XV. kafla (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókarinnar frá 25. apríl 2005“ í 7. lið XVII. kafla (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókarinnar frá 25. apríl 2005“ í 8. lið XVII. kafla (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókarinnar frá 25. apríl 2005“ í 3. lið XXV. kafla (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB) falli brott.

Í V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókarinnar frá 25. apríl 2005“ undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“ falli brott.

Í VIII. viðauka (Staðfesturéttur):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókarinnar frá 25. apríl 2005“ undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“ falli brott.

Í IX. viðauka (Fjármálaþjónusta):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 31. lið b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB) falli brott.

Í XI. viðauka (Rafræn samskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 5. lið cm (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB) falli brott.

Í XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“ falli brott.

Í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 15. lið a (tilskipun ráðsins 96/53/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 18. lið a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 19. lið (tilskipun ráðsins 96/26/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 26. lið c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93) falli brott.

Í XV. viðauka (Ríkisaðstoð):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ undir fyrirsögninni „AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM“ falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“ falli brott.

Í XVII. viðauka (Hugverkaréttindi):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ undir fyrirsögninni „AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM“ falli brott.

Í XVIII. viðauki (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB) falli brott.

Í XX. viðauka (Umhverfismál):

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 1. lið f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 7. lið a (tilskipun ráðsins 98/83/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 13. lið (tilskipun ráðsins 91/271/EBE) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 19. lið a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 21. lið ad (tilskipun ráðsins 1999/32/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 32. lið d (tilskipun ráðsins 1999/31/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 32. lið f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB) falli brott.

Orðin „eða, eftir því sem við á, aðildarbókunarinnar frá 25. apríl 2005“ í 32. lið fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB) falli brott.

VIÐAUKI B

Skrá sem um getur í 4. gr. samningsins

Viðaukunum og bókuninum við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

I. viðauki (Heilbrigði plantna og dýra):

1. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunartextanum í 4. lið í hluta 1.1 í I. kafla (tilskipun ráðsins 97/78/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (IV. þáttur í 5. kafla V. viðauka), skal gilda.“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreininni sem varðar bráðabirgðafyrirkomulag í 16. lið í hluta 6.1 í I. kafla (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (II. þáttur í 5. kafla V. viðauka), skal gilda.“

3. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreininni sem varðar bráðabirgðafyrirkomulag og á undan aðlögunartextanum í 17. lið í hluta 6.1 í I. kafla (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (II. þáttur í 5. kafla V. viðauka), skal gilda.“

4. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreininni sem varðar bráðabirgðafyrirkomulag í 8. lið í hluta 9.1 í I. kafla (tilskipun ráðsins 1999/74/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (I. þáttur í 5. kafla V. viðauka), skal gilda.“

5. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreinunum sem varða bráðabirgðafyrirkomulag og á undan aðlögunartextanum í 10. lið í hluta 1 í III. kafla (tilskipun ráðsins 2002/53/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (III. þáttur í 5. kafla V. viðauka), skal gilda.“

6. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreininni sem varðar bráðabirgðafyrirkomulag og á undan aðlögunartextanum í 12. lið í hluta 1 í III. kafla (tilskipun ráðsins 2002/55/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (III. þáttur í 5. kafla V. viðauka), skal gilda.“

II. viðauki (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun):

1. Eftirfarandi bætist við í 54. lið zr í XII. kafla (tilskipun ráðsins 2001/113/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (1. liður I. þáttar í 4. kafla V. viðauka), skal gilda.“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreininni sem varðar bráðabirgðafyrirkomulag og á undan aðlögunartextanum í 15. lið q í XIII. kafla (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við löginn frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (1. kafli V. viðauka), skal gilda.“

3. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunartextanum í 12. lið zc í XV. kafla (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lögin frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (VI. þáttur í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

V. viðauki (Frelsi launþega til flutninga):

Eftirfarandi bætist við á milli málsgreinanna sem varða bráðabirgðafyrirkomulag og málsgreinarinnar sem varðar verndarráðstafanir undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“:

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lögin frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (2. kafli V. viðauka), skal gilda.“

VIII. viðauki (Staðfesturéttur):

Eftirfarandi bætist við á milli málsgreinanna sem varða bráðabirgðafyrirkomulag og málsgreinarinnar sem varðar verndarráðstafanir undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“:

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lögin frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (2. kafli V. viðauka), skal gilda.“

XII. viðauki (Frjálsir fjármagnsflutningar):

Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreininni undir fyrirsögninni „AÐLÖGUNARTÍMABIL“:

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lögin frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (3. kafli V. viðauka), skal gilda.“

XIII. viðauki (Flutningastarfsemi):

Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunartextanum í 53. lið a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lögin frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (1. liður í 7. kafla V. viðauka), skal gilda.“

Að því er varðar verndarráðstafanirnar sem er að finna í bráðabirgðafyrirkomulaginu sem um getur í fyrri málsgreinum gildir BÓKUN 44 UM VERNDARRÁÐSTAFANIR SAMKVÆMT SAMNINGNUM UM STÆKKUN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS.

XV. viðauki (Ríkisaðstoð):

Eftirfarandi bætist við undir fyrirsögninni „AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM“:

„Fyrirkomulag varðandi núverandi aðstoðarkerfi, sem er sett fram í 2. kafla (Samkeppni) í IV. viðauka við aðildarlögin frá 9. desember 2011, skal gilda milli samningsaðila.“

XVII. viðauki (Hugverkaréttindi):

Eftirfarandi bætist við undir fyrirsögninni „AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM“:

„Sérstaka málsmeðferðin, sem er sett fram í 1. kafla (Hugverkaréttindi) IV. viðauka við aðildarlögin frá 9. desember 2011, skal gilda milli samningsaðila.“

XVIII. viðauki (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)

Eftirfarandi bætist við á milli málsgreinanna sem varða bráðabirgðafyrirkomulag og málsgreinarinnar sem varðar verndarráðstafanir í 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (2. kafli V. viðauka), skal gilda.“

XX. viðauki (Umhverfismál)

1. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreinunum sem varða bráðabirgðafyrirkomulag í 7. lið a (tilskipun ráðsins 98/83/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (2. liður IV. þáttar í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreinunum sem varða bráðabirgðafyrirkomulag og á undan aðlögunartextanum í 13. lið (tilskipun ráðsins 91/271/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (1. liður IV. þáttar í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

3. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreinunum sem varða bráðabirgðafyrirkomulag og á undan aðlögunartextanum í 19. lið a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (2. liður V. þáttar í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

4. Eftirfarandi bætist við í 21. lið ab (tilskipun ráðsins 1999/13/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (1. liður V. þáttar í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

5. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunartextanum í 21. lið al (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (1. liður I. þáttar í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

6. Eftirfarandi bætist við á eftir málsgreinunum sem varða bráðabirgðafyrirkomulag í 32. lið d (tilskipun ráðsins 1999/31/EB):

„Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er sett fram í viðaukunum við lög frá 9. desember 2011 um aðild Króatíu (III. þáttur í 10. kafla V. viðauka), skal gilda.“

LOKAGERÐ

Fulltrúar með fullt umboð

EVROPUSAMBANDSINS, hér á eftir nefnt „Evrópusambandið“,

og eftirtalinna ríkja:

KONUNGRÍKISINS BELGÍU,

LÝÐVELDISINS BÚLGARÍU,

LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS,

KONUNGRÍKISINS DANMERKUR,

SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,

LÝÐVELDISINS EISTLANDS,

ÍRLANDS,

LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,

KONUNGRÍKISINS SPÁNAR,

LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,

LÝÐVELDISINS ÍTALÍU,

LÝÐVELDISINS KÝPUR,

LÝÐVELDISINS LETTLANDS,

LÝÐVELDISINS LITHÁENS,

STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBOGAR,

UNGVERJALANDS,

LÝÐVELDISINS MÖLTU,

KONUNGRÍKISINS HOLLANDS,

LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS,

LÝÐVELDISINS PÓLLANDS,

LÝÐVELDISINS PORTÚGALS,

RÚMENÍU,

LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU,

LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU,

LÝÐVELDISINS FINNLANDS,

KONUNGRÍKISINS SVÍÐJÓÐAR,

HINS SAMEINADA KONUNGRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

sem eiga aðild að stofnsáttmála EVRÓPUSAMBANDSINS, hér á eftir nefnd „aðildarríki ESB“,

fulltrúar með fullt umboð

ÍSLANDS,

FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,

KONUNGRÍKISINS NOREGS,

hér á eftir nefnd „EFTA-ríki“,

en öll framangreind ríki eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður í Óportó 2. maí 1992, hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“, og nefnast þau saman hér á eftir „núverandi samningsaðilar“, og

fulltrúar með fullt umboð

LÝÐVELDISINS KRÓATÍU,

hér á eftir nefnt „nýi samningsaðilinn“,

komu saman í Brussel hinn ellefta apríl árið tvö þúsund og fjórtán til þess að undirrita samning um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa eftirtalin skjöl hlotið samþykki þeirra:

- I. Samningur um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu (hér á eftir nefndur „samningurinn“)
- II. Eftirtalin skjöl sem fylgja samningnum:
 - Viðauki A: Skrá sem um getur í 3. gr. samningsins
 - Viðauki B: Skrá sem um getur í 4. gr. samningsins

Eftirtaldar sameiginlegar yfirlýsingar, sem fylgja lokagerð þessari, hafa hlotið samþykki fulltrúa með fullt umboð núverandi samningsaðila og fulltrúa með fullt umboð nýja samningsaðilans:

1. Sameiginleg yfirlýsing um skjóta gildistöku samningsins um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu eða beitingu hans til bráðabirgða
2. Sameiginleg yfirlýsing um hvenær bráðabirgðafyrirkomulag fellur úr gildi
3. Sameiginleg yfirlýsing um beitingu upprunareglna í kjölfar gildistöku samningsins um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu
4. Sameiginleg yfirlýsing um aðlögun Liechtensteins á tilteknum sviðum vegna frjálsrar farar fólks
5. Sameiginleg yfirlýsing um forgangsgeira sem um getur í bókun 38b
6. Sameiginleg yfirlýsing um fjárframlög

Fulltrúar með fullt umboð núverandi samningsaðila og fulltrúar með fullt umboð nýja samningsaðilans hafa kynnt sér eftirtalda yfirlýsingu, sem fylgir þessari lokagerð:

Almenna sameiginlega yfirlýsingu EFTA-rikkanna.

Þeir hafa jafnframt komið sér saman um að EES-samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og óstyttnum texta allra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, verði þýddur á króatísku og fullgiltur á því tungumáli af hálfu fulltrúa núverandi samningsaðila og nýja samningsaðilans eigi síðar en við gildistöku samningsins.

Þeir hafa kynnt sér viðbótarbókun við samninginn milli Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2009–2014 vegna þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu sem fylgir einnig þessari lokagerð.

Þá hafa þeir kynnt sér viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu, sem fylgir þessari lokagerð.

Þá hafa þeir kynnt sér viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu, sem fylgir einnig þessari lokagerð.

Þeir leggja á það áherslu að bókanir, sem að framan greinir, hafa hlotið samþykki á þeirri forsendu að þátttaka á Evrópska efnahagssvæðinu haldist óbreytt.

Съставено в Брюксел на единадесети април две хиляди и четиринадесета година.
Hecho en Bruselas, el once de abril de dos mil catorce.
V Bruselu dne jedenáctého dubna dva tisíce čtrnáct.
Udfærdiget i Bruxelles den ellefte april to tusind og fjorten.
Geschehen zu Brüssel am elften April zweitausendvierzehn.
Kahe tuhande neljateistkümnenda aasta aprillikuu üheteistkümnendal päeval Brüsselis.
Ἐγινε στις Βρυξέλλες, στις ένδεκα Απριλίου δύο χιλιάδες δεκατέσσερα.
Done at Brussels on the eleventh day of April in the year two thousand and fourteen.
Fait à Bruxelles, le onze avril deux mille quatorze.
Sastavljeno u Bruxellesu jedanaestog travnja dvije tisuće četrnaeste.
Fatto a Bruxelles, addì undici aprile duemilaquattordici.
Briselē, divi tūkstoši četrpadsmitā gada vienpadsmitajā aprīlī.
Priimta du tūkstančiai keturioliktą metų balandžio vienuoliktą dieną Briuselyje.
Kelt Brüsszelben, a kétézer-tizenegyedik év április havának tizenegyedik napján.
Magħmul fi Brussell, fil-hdax-il jum ta' April tas-sena elfejn u erbatax.
Gedaan te Brussel, de elfde april tweeduizend veertien.
Sporządzono w Brukseli dnia jedenastego kwietnia roku dwa tysiące czternastego.
Feito em Bruxelas, em onze de abril de dois mil e catorze.
Întocmit la Bruxelles la unsprezece aprilie două mii paisprezece.
V Bruseli jedenásteho aprila dvetisícštrnást'.

V Bruslju, dne enajstega aprila leta dva tisoč štirinajst.
Tehty Brysselissä yhdenentoista päivänä huhtikuuta vuonna kaksituhattaneljätoista.
Som skedde i Bryssel den elfte april tjugohundrafjorton.
Gjört í Brussel hinn 11. apríl 2014.
Utfærdiget i Brussel, ellefte april totusenogfjorten.

За Европейския съюз
Por la Unión Europea
Za Evropskou unii
For Den Europæiske Union
Für die Europäische Union
Euroopa Liidu nimel
Για την Ευρωπαϊκή Ένωση
For the European Union
Pour l'Union européenne
Per l'Unione europea
Eiropas Savienības vārdā —
Europos Sąjungos vardu
Az Európai Unió részéről
Għall-Unjoni Ewropea
Voor de Europese Unie
W imieniu Unii Europejskiej
Pela União Europeia
Pentru Uniunea Europeană
Za Európsku úniu
Za Evropsko unijo
Euroopan unionin puolesta
För Europeiska unionen
Fyrir hönd Íslands



Für das Fürstentum Liechtenstein



For Kongeriket Norge



Za Republiku Hrvatsku



**SAMEIGINLEGAR YFIRLÝSINGAR NÚVERANDI SAMNINGSADILA OG NÝJA
SAMNINGSADILANS**

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SKJÓTA GILDISTÖKU SAMNINGSINS UM ÞÁTTTÖKU
LÝÐVELDISINS KRÓATÍU Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU EÐA BEITINGU HANS TIL
BRÁÐABIRGÐA**

Samningsaðilar leggja áherslu á að til þess að góð framkvæmd Evrópska efnahagssvæðisins sé tryggð er mikilvægt að samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu öðlist gildi eða komi til framkvæmda með skjótum hætti til þess að Króatía njóti góðs af þátttöku sinni á Evrópska efnahagssvæðinu.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM HVENÆR BRÁÐABIRGÐAFYRIRKOMULAG FELLUR ÚR
GILDI**

Samningsaðilar staðfesta að bráðabirgðafyrirkomulagið, sem er að finna í aðildarsáttmálanum, sé tekið upp í EES-samninginn en muni falla úr gildi sama dag og verið hefði ef stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hefði átt sér stað samtímis 1. júlí 2013.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM BEITINGU UPPRUNAREGLNA Í KJÖLFAR
GILDISTÖKU SAMNINGSINS UM ÞÁTTTÖKU LÝÐVELDISINS KRÓATÍU Á EVRÓPSKA
EFNAHAGSSVÆÐINU

1. Ef upprunasönnun er gefin út á réttan hátt á vegum EFTA-ríkis eða nýs samningsaðila á grundvelli samnings um fríðindameðferð sem er í gildi milli EFTA-ríkjanna og nýja samningsaðilans eða einhliða ákvæða í landslögum EFTA-ríkis eða nýs samningsaðila skal slíkt teljast sönnun á EES-fríðindauppruna, að því tilskildu:

- a) að upprunasönnunin og flutningsskjölin hafi verið gefin út eigi síðar en daginn áður en nýi samningsaðilinn öðlaðist aðild að Evrópusambandinu,
- b) að upprunasönnunin berist tollyfirvöldum áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins.

Ef lögð er fram innflutningsskýrsla vegna innflutnings á vörum frá EFTA-ríki til nýja samningsaðilans eða frá nýja samningsaðilanum til EFTA-ríkis, eftir því sem við á, sem átt hefur sér stað áður en nýi samningsaðilinn öðlaðist aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt ákvæðum um fríðindameðferð sem voru í gildi milli EFTA-ríkis og nýja samningsaðilans á þeim tíma, mega EFTA-ríkin eða nýi samningsaðilinn einnig taka gilda upprunasönnun sem er gefin út eftir á í samræmi við slíka tilhögun að því tilskildu að hún berist tollyfirvöldum áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins.

2. EFTA-ríkjunum annars vegar og Lýðveldinu Króatíu hins vegar er heimilt að hafa áfram í gildi leyfi sem veita stöðu „viðurkennds útflytjanda“ á grundvelli samninga sem eru í gildi milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Lýðveldisins Króatíu hins vegar að því tilskildu að hinir viðurkenndu útflytjendur beiti upprunareglum EES-samningsins.

Í stað þessara leyfa í EFTA-ríkjunum og Lýðveldinu Króatíu koma, eigi síðar en einu ári eftir gildistöku samningsins, ný leyfi sem eru gefin út í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

3. Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna og nýja samningsaðilans skulu taka til greina óskir um síðari sannprófun upprunasönnunar sem gefin er út á grundvelli samninga og ákvæða um fríðindameðferð, sem um getur í 1. og 2. mgr. hér að framan, um þriggja ára skeið eftir að slík upprunasönnun er gefin út og er sömu yfirvöldum heimilt að leggja fram slíkar óskir um þriggja ára skeið eftir að upprunasönnunin er samþykkt.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM AÐLÖGUN LIECHTENSTEINS Á TILTEKNUM SVIÐUM
VEGNA FRJÁLRSRAR FARAR FÓLKS

Núverandi samningsaðilar og nýi samningsaðilinn

- vísa til aðlögunar Liechtensteins á tilteknum sviðum vegna frjálsrar farar fólks samkvæmt V. og VIII. viðauka við EES-samninginn sem var tekin upp með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/1999 og var síðar breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu frá 14. október 2003,
- benda á að mikillar og stöðugar ásóknar verður vart hjá ríkisborgurum ESB- og EFTA-ríkja að setjast að í Liechtenstein og er hún umfram hreinan fjölda innflytjenda sem kveðið er á um í framangreindri aðlögun á tilteknum sviðum,
- hafa hliðsjón af því að vegna þátttöku Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fleiri ríkisborgarar rétt til að færa sér í nyt frjálsa fær fólks sem tryggð er í EES-samningnum,

og hafa komið sér saman um að taka fullt tillit til þessara aðstæðna, ásamt óbreyttri getu Liechtensteins til að taka við fólki, við endurskoðun á aðlögunarákvæðum á tilteknum sviðum sem er að finna í V. og VIII. viðauka við EES-samninginn.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM FORGANGSGEIRA SEM UM GETUR Í BÓKUN 38B

Núverandi samningsaðilar og nýi samningsaðilinn taka fram að ekki er nauðsynlegt, þegar um er að ræða Króatíu, að allir forgangsgeirar, samkvæmt skilgreiningunni í 3. gr. bókunar 38b, falli undir fjármagnskerfið.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM FJÁRFRAMLÖG

Núverandi samningsaðilar og nýi samningsaðilinn eru sammála um að tilhögun fjárframlaga, sem samið hefur verið um í tengslum við stækkun EES, beri ekki að túlka sem fordæmi fyrir tímabilið sem tekur við eftir að sú tilhögun fellur úr gildi 30. apríl 2014.

AÐRAR YFIRLÝSINGAR EINS EÐA FLEIRI SAMNINGSADILA**ALMENN SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EFTA-RÍKJANNA**

EFTA-ríkin hafa kynnt sér yfirlýsingar sem hafa þýðingu í tengslum við EES-samninginn og fylgja lokagerð sáttmálans milli Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Tékklands, Konungsríkisins Danmerkur, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Eistlands, Írlands, Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Frakklands, Lýðveldisins Ítalíu, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Portúgals, Rúmeníu, Lýðveldisins Slóveníu, Lýðveldisins Slóvakíu, Lýðveldisins Finnlands, Konungsríkisins Svíþjóðar, Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (aðildarríkja Evrópusambandsins) og Lýðveldisins Króatíu um aðild Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu.

EFTA-ríkin leggja áherslu á að túlkun og beiting yfirlýsinganna, sem hafa þýðingu í tengslum við EES-samninginn og fylgja lokagerð sáttmálans sem um getur í undanfarandi málsgrein, má ekki brjóta í bága við skuldbindingar núverandi samningsaðila og nýja samningsaðilans samkvæmt samningi þessum eða EES-samningnum.

VIÐBÓTARBÓKUN**við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands í kjölfar aðildar
Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu**

EVROPUSAMBANDIÐ

og

ÍSLAND

MEÐ HLIDSJÓN AF samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, sem var undirritaður í Brussel 22. júlí 1972, hér á eftir nefndur „samningurinn“, og gildandi reglum um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og Bandalagsins,

MEÐ HLIDSJÓN af viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands um sérákvæði fyrir tímabilið 2009-2014 um innflutning til Sambandsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum,

MEÐ HLIDSJÓN AF aðild Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu,

MEÐ HLIDSJÓN AF samningnum um þátttöku Lýðveldisins Króatíu í Evrópska efnahagssvæðinu,

MEÐ HLIDSJÓN AF gildandi reglum um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og Lýðveldisins Króatíu,

HAFA ÁKVEDIÐ með samhljóða samkomulagi að gera aðlaganir á samningnum í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu

OG GERA ÞESSA BÓKUN.

1. gr.

Texti samningsins, viðauka við hann og bókana, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokagerðarinnar og þeirra yfirlýsinga sem fylgja henni skal gerður á króatísku og skulu þessir textar vera jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykka króatíska textann.

2. gr.

1. Í þessari bókun er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til Evrópusambandsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum sem eru upprunnar á Íslandi.

2. Tollkvótana, sem kveðið er á um í 3. gr. þessarar bókunar, er hægt að nýta á 10 mánaða tímabilinu frá upphafi aðildar Króatíu að Evrópusambandinu til loka tímabils EES-fjármagnskerfisins frá 2009-2014 (1. júlí 2013 til 30. apríl 2014). Endurskoða skal þessa kvóta við lok þessa tímabils að teknu tilliti til allra þeirra hagsmuna sem máli skipta.

3. Opna skal tollkvótana daginn sem bráðabirgðabeiting þessarar bókunar hefst, samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr., og skulu þeir vera til ráðstöfunar í tólf mánuði frá upphafsdeginum.

3. gr.

Sambandið skal opna eftirfarandi tollfrjálsa viðbótartollkvóta fyrir afurðir sem eru upprunnar á Íslandi:

- Frystur leturhumar (*Nephrops norvegicus*) (SN-númer 0306 15 90), 60 tonn án vökva.
- Flök af gullkarfa (*Sebastes* spp.), ný eða kæld (SN-númer 0304 49 50), 100 tonn án vökva.

4. gr.

1. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við eigin reglur um málsmeðferð. Skjöl um fullgildinguna eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.
2. Hún öðlast gildi daginn eftir að síðasta skjalið um fullgildinguna eða samþykki hefur verið afhent til vörslu að því tilskildu að skjöl um fullgildinguna eða samþykki eftirtalinna tengdra samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:
 - (i) samningsins um þátttöku Lýðveldisins Króatíu í Evrópska efnahagssvæðinu,
 - (ii) viðbótarbókunar við samninginn milli Evrópusambandsins og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi Noregs fyrir tímabilið 2009-2014 í kjölfar þátttöku Lýðveldisins Króatíu í Evrópska efnahagssvæðinu,
 - (iii) viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu.
3. Þar til þeirri málsmeðferð, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, er lokið skal beita þessari bókun til bráðabirgða frá fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta tilkynningin um það hefur verið afhent til vörslu.

5. gr.

Bókun þessi, sem gerð er í einu frumriti á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku, þýsku og íslensku, en allir þessir textar eru jafngildir, skal afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu sem mun senda hverjum samningsaðila staðfest endurrit.

Съставено в Брюксел на единадесети април две хиляди и четиринадесета година.
Hecho en Bruselas, el once de abril de dos mil catorce.
V Bruselu dne jedenáctého dubna dva tisíce čtrnáct.
Udfærdiget i Bruxelles den ellefte april to tusind og fjorten.
Geschehen zu Brüssel am elften April zweitausendvierzehn.
Kahe tuhande neljateistkümnenda aasta aprillikuu üheteistkümnendal päeval Brüsselis.
Ἐγινε στις Βρυξέλλες, στις ένδεκα Απριλίου δύο χιλιάδες δεκατέσσερα.
Done at Brussels on the eleventh day of April in the year two thousand and fourteen.
Fait à Bruxelles, le onze avril deux mille quatorze.
Sastavljeno u Bruxellesu jedanaestog travnja dvije tisuće četrnaeste.
Fatto a Bruxelles, addì undici aprile duemilaquattordici.
Briselē, divi tūkstoši četrpadsmitā gada vienpadsmitajā aprīlī.
Priimta du tūkstančiai keturioliktą metų balandžio vienuoliktą dieną Briuselyje.
Kelt Brüsszelben, a kétézer-tizenegyedik év április havának tizenegyedik napján.
Magħmul fi Brussell, fil-hdax-il jum ta' April tas-sena elfejn u erbatax.
Gedaan te Brussel, de elfde april tweeduizend veertien.
Sporządzono w Brukseli dnia jedenastego kwietnia roku dwa tysiące czternastego.
Feito em Bruxelas, em onze de abril de dois mil e catorze.
Întocmit la Bruxelles la unsprezece aprilie două mii paisprezece.
V Bruseli jedenásteho aprila dvetisícštrnášť.
V Bruslju, dne enajstega aprila leta dva tisoč štirinajst.
Tehty Brysselissä yhdenentoista päivänä huhtikuuta vuonna kaksituhattaneljätoista.
Som skedde i Bryssel den elfte april tjugohundrafjorton.
Gjört í Brussel hinn 11. apríl 2014.
Utfærdiget i Brussel, ellefte april totusenogfjorten.

За Европейския съюз
 Por la Unión Europea
 Za Evropskou unii
 For Den Europæiske Union
 Für die Europäische Union
 Euroopa Liidu nimel
 Για την Ευρωπαϊκή Ένωση
 For the European Union
 Pour l'Union européenne
 Za Europsku uniju
 Per l'Unione europea
 Eiropas Savienības vārdā —
 Europos Sąjungos vardu
 Az Európai Unió részéről
 Għall-Unjoni Ewropea
 Voor de Europese Unie
 W imieniu Unii Europejskiej
 Pela União Europeia
 Pentru Uniunea Europeană
 Za Európsku úniu
 Za Evropsko unijo
 Euroopan unionin puolesta
 För Europeiska unionen
 Fyrir hönd Evrópusambandsins
 For Den europeiske union

За Исландия
 Por Islandía
 Za Island
 For Island
 Für Island
 Islandi nimel
 Για την Ισλανδία
 For Iceland
 Pour l'Islande
 Za Island
 Per l'Islanda
 Islandes vārdā –
 Islandijos vardu
 Izland részéről
 Għar-Iżlanda
 Voor IJsland
 W imieniu Islandii
 Pela Islândia
 Pentru Islanda
 Za Island
 Za Islandijo
 Islannin puolesta
 För Island
 Fyrir hönd Íslands
 For Island

VIÐBÓTARBÓKUN**við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu**

EVROPUSAMBANDIÐ

og

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, sem var undirritaður 14. maí 1973, hér á eftir nefndur „samningurinn“, og gildandi reglum um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli Noregs og Bandalagsins,

MEÐ HLIÐSJÓN AF viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs um sérákvæði fyrir tímabilið 2009-2014 um innflutning til Sambandsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum, einkum 1. gr.,

MEÐ HLIÐSJÓN AF aðild Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum um þátttöku Lýðveldisins Króatíu í Evrópska efnahagssvæðinu,

MEÐ HLIÐSJÓN AF gildandi reglum um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli Noregs og Lýðveldisins Króatíu,

HAFA ÁKVEÐIÐ með samhljóða samkomulagi að gera aðlaganir á samningnum í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu,

OG GERA SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Texti samningsins, viðauka við hann og bókana, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokagerðarinnar og þeirra yfirlýsinga sem fylgja henni skal gerður á króatísku og skulu þessir textar vera jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykka króatíska textann.

2. gr.

1. Í þessari bókun er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til Evrópusambandsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum sem eru upprunnar í Noregi.

2. Tollkvótana, sem kveðið er á um í 3. gr. þessarar bókunar, er hægt að nýta á 10 mánaða tímabilinu frá upphafi aðildar Króatíu að Evrópusambandinu til loka tímabils EES-fjármagnskerfisins frá 2009-2014 (1. júlí 2013 til 30. apríl 2014). Endurskoða skal þessa kvóta við lok þessa tímabils að teknu tilliti til allra þeirra hagsmuna sem máli skipta.

3. Tollkvótarnir gilda frá þeim degi þegar bráðabirgðabeiting þessarar bókunar hefst, samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr., og skulu þeir vera til ráðstöfunar í tólf mánuði frá þeim degi.

4. Upprunareglur um tollkvóta í 3. gr. skulu vera þær sem settar eru fram í bókun 3 við þennan samning.

3. gr.

Sambandið skal opna eftirfarandi nýja tollfrjálsa viðbótartollkvóta:

- Síld, krydduð og/eða ediksöltuð, í saltlegi (SN-númer úr 1604 12 91, úr 1604 12 99), 1400 tonn nettóþyngd án vökva.

4. gr.

1. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við eigin reglur um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.
2. Hún öðlast gildi daginn eftir að síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna tengdra samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:
„1. Sáttmálarnir gilda um Konungsríkið Belgíu, Lýðveldið Búlgaríu, Lýðveldið Tékkland, Konungsríkið Danmörku, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Eistland, Írland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spán, Lýðveldið Frakkland, Lýðveldið Króatíu, Lýðveldið Ítalíu, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Möltu, Konungsríkið Holland, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Portúgal, Rúmeníu, Lýðveldið Slóveníu, Lýðveldið Slóvakíu, Lýðveldið Finnland, Konungsríkið Svíþjóð og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

14. gr.

1. Í stað 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi eftirfarandi:

„1. Sáttmáli þessi, sem gerður er í einu frumriti á búlögörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku, en allir þessir textar eru jafngildir, skal afhentur til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu sem sendir ríkisstjórnnum hinna undirritunarríkjanna staðfest endurrit.“

2. Í stað annarrar málsgreinar 225. gr. KBE-sáttmálans komi eftirfarandi:

„Samkvæmt aðildarsáttmálanum skulu útgáfur þessa sáttmála á búlögörsku, dönsku, ensku, eistnesku, finnsku, grísku, írsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku og ungversku allar vera jafngildar.“

ÞRÍÐJI HLUTI
VARANLEG ÁKVÆÐI

15. gr.

Gerðir, sem taldar eru upp í III. viðauka, skulu aðlagðar eins og tilgreint er í viðaukanum.

16. gr.

Beita skal ráðstöfununum, sem taldar eru upp í IV. viðauka með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

17. gr.

Ráðinu er heimilt, með einróma ákvörðun, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, að aðlaga ákvæði þessara laga sem tengjast sameiginlegu landbúnaðarstefnunni ef það reynist nauðsynlegt í kjölfar breytinga á Sambandsreglum.

FJÓRÐI HLUTI
TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI

I. BÁLKUR
UMBREYTINGARRÁÐSTAFANIR

18. gr.

Ráðstafanirnar, sem taldar eru upp í V. viðauka, skulu gilda að því er varðar Króatíu með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

II. BÁLKUR
STOFNANAÁKVÆÐI

19. gr.

1. Þrátt fyrir 2. gr. bókunarinnar um umbreytingarákvæði, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og KBE-sáttmálanum, og þrátt fyrir hámarksfjölda þingsæta, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skal fjölga þingsætum á Evrópuþinginu um 12 frá Króatíu, í ljósi aðildar landsins, fyrir tímabilið frá aðildardegi til loka þingtímabilsins 2009-2014.
2. Þrátt fyrir 3. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skal Króatía halda, fyrir aðildardaginn, sérstakar kosningar þar sem sá fjöldi þingmanna, sem er ákveðinn í 1. mgr. þessarar greinar, er kosinn til Evrópuþingsins í beinum almennum kosningum í samræmi við réttarreglur Sambandsins. Ef aðildardag ber upp þegar innan við sex mánuðir eru til næstu kosninga til Evrópuþingsins er þjóðþingi Króatíu þó heimilt að tilnefna þá sem skulu vera fulltrúar Króatíu á Evrópuþinginu úr sínum röðum enda hafi þeir einstaklingar sem um ræðir verið kosnir í beinum almennum kosningum.

20. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 3. gr. bókunarinnar um umbreytingarákvæði sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og KBE-sáttmálanum:

„3. Eftirfarandi ákvæði gilda til 31. október 2014, sbr. þó aðra undirgrein 1. mgr. 235. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Ef aukins meirihluta er krafist við ákvarðanir leiðtogaráðsins og ráðsins skulu atkvæðin vega sem hér segir:

Belgía	12
Búlgaría	10
Tékkland	12
Danmörk	7
Þýskaland	29
Eistland	4
Írland	7
Grikkland	12
Spánn	27
Frakkland	29
Krótía	7
Ítalía	29
Kýpur	4
Lettland	4
Litháen	7
Lúxemborg	4
Ungverjaland	12
Malta	3
Holland	13
Austurríki	10
Pólland	27
Portúgal	12
Rúmenía	14
Slóvenía	4
Slóvakía	7
Finnland	7
Svíþjóð	10
Breska konungsríkið	29

Ákvarðanir skulu samþykktar með minnst 260 atkvæðum meirihluta fulltrúa þegar sáttmálarnir kveða á um að þær skuli samþykktar að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ákvarðanir skulu, í öðrum tilvikum, samþykktar með minnst 260 atkvæðum a.m.k. tveggja þriðju hluta fulltrúa.

Þegar leiðtogaráðið eða ráðið samþykkir ákvörðun með auknum meirihluta getur fulltrúi í leiðtogaráðinu eða ráðinu farið fram á athugun á því hvort aðildarríkin, sem mynda aukinn meirihluta, séu fulltrúar a.m.k. 62% af heildaríbúafjölda Sambandsins. Ef svo reynist ekki vera skal ákvörðunin ekki samþykkt.“

21. gr.

1. Skipa skal einn ríkisborgara frá Króatíu í framkvæmdastjórnina frá og með aðildardegi til 31. október 2014. Ráðið skal, með auknum meirihluta og gagnkvæmu samkomulagi við forseta framkvæmdastjórnarinnar, skipa nýja fulltrúann í framkvæmdastjórnina, að höfðu samráði við Evrópuþingið og í samræmi við viðmiðin sem sett eru fram í annarri undirgrein 3. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
2. Skipunartími fulltrúa, sem er skipaður í samræmi við 1. mgr., rennur út á sama tíma og skipunartími þeirra sem eiga sæti í framkvæmdastjórninni þegar aðild tekur gildi.

22. gr.

1. Skipunartími dómara við Dómstólinn og dómara við Almenna dómstólinn, sem Króatía skipar við inngöngu sína í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skal renna út annars vegar 6. október 2015 og hins vegar 31. ágúst 2013.
2. Þegar dæmt er í málum, sem eru fyrir Dómstólnum og Almenna dómstólnum á aðildardegi og munnlegur máflutningur í þeim hefur hafist fyrir þann dag, skal fullskipaður dómstóll, eða deildir Dómstólsins og Almenna dómstólsins, skipaður með sama hætti og fyrir aðild og þeim starfsreglum beitt sem voru í gildi daginn fyrir aðildardag.

23. gr.

1. Þrátt fyrir fyrstu málsgrein 301. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem hámarksfjöldi þeirra sem eiga sæti í efnahags- og félagsmálanefndinni er ákveðinn, skal eftirfarandi koma í stað 7. gr. bókunarinnar um umbreytingarákvæði sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og KBE-sáttmálanum:

„7. gr.

Þar til ákvörðunin, sem um getur í 301. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi skal skipting fulltrúa efnahags- og félagsmálanefndarinnar vera sem hér segir:

Belgía	12
Búlgarí	12
Tékkland	12
Danmörk	9
Þýskaland	24
Eistland	7
Írland	9
Grikkland	12
Spánn	21
Frakkland	24
Króatía	9
Ítalía	24
Kýpur	6
Lettland	7
Litháen	9
Lúxemborg	6

Ungverjaland	12
Malta	5
Holland	12
Austurríki	12
Pólland	21
Portúgal	12
Rúmenía	15
Slóvenía	7
Slóvakía	9
Finnland	9
Svíþjóð	12
Breska konungsríkið	24“

- Fjöldi þeirra sem eiga sæti í efnahags- og félagsmálanefndinni skal aukinn tímabundið í 353 til að taka tillit til aðildar Króatíu á tímabilinu frá aðildardegi til loka þess skipunartímabils þegar ríkið öðlast aðild að Sambandinu eða þar til ákvörðunin, sem um getur í annarri málsgrein 301. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi, eftir því hvort ber fyrir að.
- Ef ákvörðunin, sem um getur í annarri málsgrein 301. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hefur þegar verið samþykkt þegar að aðild kemur, þrátt fyrir fyrstu málsgrein 301. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem ákveðinn er hámarksfjöldi þeirra sem eiga sæti í efnahags- og félagsmálanefndinni, skal Króatía fá úthlutað tímabundið viðeigandi fjölda fulltrúa til loka þess skipunartímabils þegar ríkið öðlast aðild að Sambandinu.

24. gr.

- Þrátt fyrir fyrstu málsgrein 305. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem hámarksfjöldi þeirra sem eiga sæti í svæðanefndinni er ákveðinn, skal eftirfarandi koma í stað 8. gr. bókunarinnar um umbreytingarákvæði, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og KBE-sáttmálanum:

„8. gr.

Þar til ákvörðunin, sem um getur í 305. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi skal skipting fulltrúa svæðanefndarinnar vera sem hér segir:

Belgía	12
Búlgarí	12
Tékkland	12
Danmörk	9
Þýskaland	24
Eistland	7
Írland	9
Grikkland	12
Spánn	21
Frakkland	24
Króatía	9
Ítalía	24
Kýpur	6

Lettland	7
Litháen	9
Lúxemborg	6
Ungverjaland	12
Malta	5
Holland	12
Austurríki	12
Pólland	21
Portúgal	12
Rúmenía	15
Slóvenía	7
Slóvakía	9
Finnland	9
Svíþjóð	12
Breska konungsríkið	24“

1. Fjöldi þeirra sem eiga sæti í svæðanefndinni skal aukinn tímabundið í 353 til að taka tillit til aðildar Króatíu á tímabilinu frá aðildardegi til loka þess skipunartímabils þegar ríkið öðlast aðild að Sambandinu eða þar til ákvörðunin, sem um getur í annarri málsgrein 305. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi, eftir því hvort ber fyrir að.
2. Ef ákvörðunin, sem um getur í annarri málsgrein 305. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hefur þegar verið samþykkt þegar að aðild kemur, þrátt fyrir fyrstu málsgrein 305. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem ákveðinn er hámarksfjöldi þeirra sem eiga sæti í svæðanefndinni, skal Króatía fá úthlutað tímabundið viðeigandi fjölda fulltrúa til loka þess skipunartímabils þegar ríkið öðlast aðild að Sambandinu.

25. gr.

Skipunartími fulltrúa í bankastjórn Fjárfestingarbanka Evrópu, sem Króatía tilnefni og skipar við aðild, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr. bókunarinnar um stofnsamþykkt Fjárfestingarbanka Evrópu, skal renna út við lok ársfundar bankastjórnarinnar þar sem ársskýrsla fyrir fjárhagsárið 2017 er tekin til skoðunar.

26. gr.

1. Nýir fulltrúar í nefndir, hópa, sérstofnanir eða aðra aðila, sem stofnaðar eru með upprunalegu sáttmálunum eða gerðum sem stofnanirnar hafa samþykkt, skulu skipaðir samkvæmt skilyrðunum og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um við skipun fulltrúa í þessar nefndir, hópa, sérstofnanir eða aðra aðila. Skipunartími nýrra fulltrúa, sem þannig eru skipaðir, rennur út á sama tíma og þeirra sem þar eiga sæti fyrir þegar aðild tekur gildi.
2. Við aðild skal skipta um alla fulltrúa í nefndum, hópum, sérstofnunum eða öðrum aðilum, sem stofnaðir eru með upprunalegu sáttmálunum eða gerðum sem stofnanirnar hafa samþykkt, þar sem fjöldi fulltrúa er fastsettur án tillits til fjölda aðildarríkjanna, nema skipunartími núverandi fulltrúa renni út innan 12 mánaða frá aðildardegi.

III. BÁLKUR
FJÁRHAGSÁKVÆÐI

27. gr.

1. Króatía skal, frá og með aðildardegi, greiða eftirfarandi fjárhæð, sem svarar til hluta ríkisins af innborguðu hlutafé til skráðs hlutafjár eins og það er skilgreint í 4. gr. stofnsamþykktar Fjárfestingarbanka Evrópu:

Króatía 42 720 000 evrur

Þetta framlag skal greiða með átta jöfnum greiðslum með gjalddaga 30. nóvember 2013, 30. nóvember 2014, 30. nóvember 2015, 31. maí 2016, 30. nóvember 2016, 31. maí 2017, 30. nóvember 2017 og 31. maí 2018.

2. Króatía skal, með átta jöfnum greiðslum sem greiða ber á þeim gjalddögum sem kveðið er á um í 1. mgr., leggja fram skerf til varaforða og eiginfjárráðstöfunar sem samsvara varaforða, svo og til þeirrar fjárhæðar sem enn er eftir að ákveða að verja til varaforða og eiginfjárráðstöfunar í samræmi við stöðu rekstrarreiknings við lok næsta mánaðar fyrir aðild, eins og fram kemur í efnahagsreikningi Fjárfestingarbanka Evrópu, fjárhæðir sem svara til eftirfarandi hundradshluta af varaforða og eiginfjárráðstöfunum:

Króatía 0,368%

3. Króatía skal inna af hendi, með reiðufé í evrum, hlutafé og þær greiðslur sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., nema bankaráð Fjárfestingarbanka Evrópu taki einróma ákvörðun um annað.
4. Aðlaga má tölur fyrir Króatíu, sem um getur í 1. mgr. og 1. lið 10. gr., með ákvörðun stjórnar og ráða Fjárfestingarbanka Evrópu á grundvelli nýjustu endanlegu gagna um verga landsframleiðslu sem Hagstofa Evrópusambandsins birtir fyrir aðild.

28. gr.

1. Króatía skal greiða eftirfarandi fjárhæð til Rannsóknarsjóðs fyrir kola- og stáliðnaðinn, sem um getur í ákvörðun fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna 2002/234/KSE, sem komu saman í ráðinu 27. febrúar 2002, um fjárhagslegar afleiðingar þess að KSE-sáttmálinn fellur úr gildi og um Rannsóknarsjóð á sviði kola og stáls ⁽⁶⁾:

(evrur, á verðlagi hvers árs)

Króatía 494 000.

2. Framlagið til Rannsóknarsjóðs fyrir kola- og stáliðnaðinn skal greitt með fjórum greiðslum, í fyrsta sinn 2015, og skal greitt sem hér segir, ætíð á fyrsta virka degi fyrsta mánaðar ár hvert:
 - 2015: 15%,
 - 2016: 20%,
 - 2017: 30%,
 - 2018: 35%.

29. gr.

1. Framkvæmdastofnanir í Króatíu skulu annast, frá og með aðildardegi, innkaup, styrkveitingar og greiðslur vegna fjárhagslegs foraðildarstuðnings innan ramma þáttarins um umbreytingarstuðning og stofnanauppbyggingu og þáttarins um samstarf yfir landamæri í fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA), sem var komið á með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1085/2006 frá 17. júlí 2006 ⁽⁷⁾, að því er varðar fjármagn sem skuldbinding var gerð um fyrir aðild, að undanskildum áætlunum Króatíu-

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 79, 22.3.2002, bls. 42.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 82.

Ungverjalands og Króatíu-Slóveníu um samstarf yfir landamæri, og að því er varðar aðstoð innan ramma fyrirgreiðslu vegna umbreytinga sem um getur í 30. gr.

Falla skal frá *fyrirfram* eftirliti framkvæmdastjórnarinnar með innkaupum og styrkveitingum á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi eftir að hún hefur gengið úr skugga um að viðkomandi stjórnunar- og eftirlitskerfi starfi með eðlilegum hætti í samræmi við viðmiðanir og skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 56. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um lög Evrópubandalaganna ⁽⁸⁾ og 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 718/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1085/2006 um að koma á fót fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA-fjármögnunarleiðin) ⁽⁹⁾.

Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun um að falla frá *fyrirfram* eftirliti fyrir aðildardag skulu samningar, sem undirritaðir eru frá aðildardegi til dagsins þegar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er samþykkt, ekki teljast uppfylla skilyrði fyrir þeim fjárhagslega foraðildarstuðningi og umbreytingaraðstoð sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Fjárhagslegar skuldbindingar, sem gengist er undir fyrir aðildardag innan ramma fjárhagslegs foraðildarstuðnings og umbreytingaraðstoðar, sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. gerð og skráning einstakra, lagalegra skuldbindinga, sem gerðar eru síðar, og greiðslur sem eru inntar af hendi eftir að aðild tekur gildi, skulu áfram lúta lögum og reglum sem gilda um fjármögnunarleiðir vegna foraðildar og vera gjaldfærðar á viðeigandi kafla fjárlaga uns áætlunum og verkefnum lýkur.
3. Ákvæðin um framkvæmd fjárhagslegra skuldbindinga í fjármögnunarsamningum varðandi fjárhagslegan foraðildarstuðning, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., og dreifbýlisþróunarþátt IPA-fjármögnunarleiðarinnar, er varða fjármögnunarákvarðanir sem voru teknar fyrir aðild, skulu gilda áfram eftir aðildardaginn. Þau heyra undir reglurnar um fjármögnunarleiðir vegna foraðildar. Þrátt fyrir þetta skal málsmeðferð við opinber innkaup, sem hafin er eftir aðild, vera í samræmi við viðeigandi tilskipanir Sambandsins.
4. Heimilt er að nota foraðildarsjóði til að greiða stjórnunarkostnað, eins og er skilgreint í 44. gr., á fyrstu tveimur árunum eftir aðild. Greiða má úttektar- og matskostnað úr foraðildarsjóði í allt að fimm ár eftir aðild.

30. gr.

1. Fyrsta árið eftir að til aðildar kemur skal Sambandið láta Króatíu í té tímabundinn fjárhagsstuðning, hér á eftir nefnt „umbreytingaraðstoð“, til að þróa og styrkja stjórnsýslu sína og dómkerfi til að framkvæma og framfylgja lögum Sambandsins og til að örva miðlun á bestu starfsvenjum milli starfsbræðra. Með þessum stuðningi skal fjármagna verkefni til að byggja upp stofnanir og takmarkaðar smærri fjárfestingar tengdar þeim.
2. Stuðningurinn skal beinast að áframhaldandi þörf á að efla stofnanir á tilteknum sviðum með aðgerðum sem ekki er hægt að fjármagna úr uppbyggingarsjóðunum eða dreifbýlisþróunarsjóðum.
3. Þegar um er að ræða samþætt verkefni í opinberri stjórnsýslu við uppbyggingu stofnana skal málsmeðferð varðandi auglýsingu eftir tillögum í gegnum net tengiliða í aðildarríkjunum gilda áfram.
4. Fjárhagsskuldbindingar vegna umbreytingaraðstoðar, á verðlagi ársins, fyrir Króatíu skulu nema 29 milljónum evra alls árið 2013 til að sinna innlendum og láréttum forgangsmálum.
5. Stuðningur innan ramma umbreytingaraðstoðar skal ákveðinn og komið til framkvæmda í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1085/2006 eða á grundvelli annarra tæknilegra ákvæða sem eru nauðsynleg í tengslum við umbreytingaraðstoð sem framkvæmdastjórnin samþykkir.
6. Leggja skal sérstaka áherslu á að tryggja viðeigandi fylling við fyrirhugaðan stuðning Félagsmálasjóðs Evrópu við stjórnsýslulegar umbætur og efling stofnana.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 170, 29.6.2007, bls. 1.

31. gr.

- Schengen-aðstoð (hér á eftir nefnd „tímabundin Schengen-aðstoð“) er hér með komið á sem bráðabirgðaleið til að hjálpa Króatíu, frá aðildardegi til loka ársins 2014, við að fjármagna aðgerðir við ný ytri landamæri Sambandsins til framkvæmdar Schengen-réttarreglunum og til landamæravörslu á ytri landamærum.
- Fyrir tímabilið 1. júlí 2013 til 31. desember 2014 skal Króatía hafa til ráðstöfunar eftirfarandi fjárhæðir (miðað við verðlag ársins) í formi eingreiðslna samkvæmt tímabundnu Schengen-aðstoðinni:

(milljónir evra, á verðlagi hvers árs)

	2013	2014
Króatía	40	80

- Árlega fjárhæð fyrir árið 2013 skal greiða Króatíu 1. júlí 2013 og árlega fjárhæð fyrir árið 2014 skal greiða fyrsta virka dag eftir 1. janúar 2014.
- Eingreiðslurnar skulu notaðar innan þriggja ára frá fyrstu greiðslu. Króatía skal leggja fram, eigi síðar en sex mánuðum eftir að þriggja ára tímabilið rennur út, ítarlega skýrslu um það hvernig greiðslur, samkvæmt tímabundnu Schengen-aðstoðinni, voru nýttar ásamt yfirliti þar sem gerð er grein fyrir útgjöldum. Framkvæmdastjórnin skal endurheimta allt fê sem ónotað er eða er eytt á óréttmætan hátt.
- Framkvæmdastjórnin getur samþykkt hvers kyns tæknileg ákvæði sem nauðsynleg kunna að reynast fyrir rekstur tímabundnu Schengen-aðstoðarinnar.

32. gr.

- Sjóðstreymisaðstoð (hér á eftir nefnd „sjóðstreymisaðstoð“) er hér með komið á sem bráðabirgðaleið til að hjálpa Króatíu, frá aðildardegi til loka ársins 2014, til að bæta sjóðstreymi ríkisins.
- Fyrir tímabilið 1. júlí 2013 til 31. desember 2014 skal Króatía hafa til ráðstöfunar eftirfarandi fjárhæðir (miðað við verðlag ársins) í formi eingreiðslna samkvæmt tímabundnu sjóðstreymisaðstoðinni:

(milljónir evra, á verðlagi hvers árs)

	2013	2014
Króatía	75	28,6

- Skipta skal hverri árlegri fjárhæð í jafnar mánaðarlegar greiðslur sem eru greiddar fyrsta virka dag hvers mánaðar.

33. gr.

- Setja skal til hliðar fyrir Króatíu innan ramma uppbyggingarsjóðanna og Samheldnisjóðsins á árinu 2013 fjárhæð innan ramma fjárhagsskuldbindinga sem nemur 449,4 milljónum evra (verðlag hvers árs).
- Setja skal einn þriðja af þeirri fjárhæð sem um getur í 1. mgr. til hliðar fyrir Samheldnisjóðinn.
- Að því er varðar tímabilið, sem fellur innan næsta fjárhagsramma, skal reikna þær fjárhæðir, sem Króatía hefur til ráðstöfunar, af fjárhagsskuldbindingum innan ramma uppbyggingarsjóðanna og Samheldnisjóðsins, á grundvelli gildandi réttarreglna Sambandsins á þeim tíma. Aðlaga skal fjárhæðirnar í samræmi við eftirfarandi stigvaxandi áætlun:

70% árið 2014,

90% árið 2015,

100% frá og með árinu 2016.

4. Eftir því sem mörk nýrra réttarreglna Sambandsins heimila slíkt skal aðlaga fjárhæðir til Króatíu til að tryggja að á árinu 2014 verði fjármagnið 2,33 sinnum hærra en árið 2013 og á árinu 2015 þrisvar sinnum hærra en á árinu 2013.

34. gr.

1. Heildarfjárhæð, sem Króatía fær til ráðstöfunar innan ramma Sjávarútvegssjóðs Evrópu á árinu 2013, skal vera 8,7 milljónir evra (á verðlagi hvers árs) af fjárhagsskuldbindingum.
2. Forfjármögnun innan ramma Sjávarútvegssjóðs Evrópu skal vera 25% af heildarfjárhæðinni sem um getur í 1. mgr. og skal greiða hana út í einni greiðslu.
3. Að því er varðar tímabilið, sem fellur innan næsta fjárhagsramma, skal reikna þær fjárhæðir, sem Króatía fær til ráðstöfunar af fjárhagsskuldbindingum, á grundvelli gildandi réttarreglna Sambandsins á þeim tíma. Aðlaga skal fjárhæðirnar í samræmi við eftirfarandi stigvaxandi áætlun:
 - 70% árið 2014,
 - 90% árið 2015,
 - 100% frá og með árinu 2016.
4. Eftir því sem mörk nýrra réttarreglna Sambandsins heimila slíkt skal aðlaga fjárhæðir til Króatíu til að tryggja að á árinu 2014 verði fjármagnið 2,33 sinnum hærra en árið 2013 og á árinu 2015 þrisvar sinnum hærra en á árinu 2013.

35. gr.

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun ⁽¹⁰⁾ gildir ekki um Króatíu allt áætlunartímabilið 2007-2013.

Úthluta skal til Króatíu á árinu 2013 27,7 milljónum evra (á verðlagi ársins) innan ramma dreifbýlisþróunarþáttarins sem um getur í 12. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1085/2006.

2. Mælt er fyrir um tímabundnar viðbótarráðstafanir varðandi dreifbýlisþróun í þágu Króatíu í VI. viðauka.
3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt nauðsynlegar reglur til beitingar VI. viðauka með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 90. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 í tengslum við b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ⁽¹¹⁾ eða viðeigandi málsmeðferð sem ákvörðuð er í viðeigandi löggjöf.

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið skal ráðið gera þær aðlaganir á VI. viðauka sem þörf er á til að tryggja samræmi við reglur um dreifbýlisþróun.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1 og Stjtið. ESB L 286M, 4.11.2010, bls. 26.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

IV. BÁLKUR ÖNNUR ÁKVÆÐI

36. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast grannt með öllum þeim skuldbindingum sem Króatía hefur gengist undir í aðildarviðræðunum, þ.m.t. þeim sem uppfylla verður eigi síðar en á aðildardegi. Eftirlit framkvæmdastjórnarinnar skal fela í sér reglulega uppfærðar eftirlitstöflur, skoðanaskipti innan ramma stöðugleika- og samstarfssamnings milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Lýðveldisins Króatíu hins vegar⁽¹²⁾, jafningjamatsferðir, efnahagsáætlun vegna foraðildar, skýrslur vegna ríkisfjármála og, þegar nauðsyn ber til, snemmbúin viðvörunarbréf til króatískra yfirvalda. Framkvæmdastjórnin skal á haustdögum árið 2011 leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið framvinduskýrslu. Hún skal á haustdögum árið 2012 leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið ítarlega eftirlitsskýrslu. Framkvæmdastjórnin skal enn fremur nýta sér, í öllu eftirlitsferlinu, framlag frá aðildarríkjunum og hafa hliðsjón af framlagi frá alþjóðastofnunum og borgaralegum samtökum eftir því sem við á.

Eftirlit framkvæmdastjórnarinnar skal einkum beinast að þeim skuldbindingum sem Króatía hefur gengist undir á sviði dómsmála og grundvallarréttinda (VII. viðauki), þ.m.t. áframhaldandi þróun árangurs við umbætur á sviði dómsmála og á skilvirkni dómskerfisins, óhlutdræg meðferð stríðsglæpamála og barátta gegn spillingu.

Framkvæmdastjórnin skal að auki leggja áherslu á eftirlit með svæði frelsis, öryggis og réttlætis, þ.m.t. framkvæmd og framfylgd krafna Sambandsins að því er varðar stjórnun ytri landamæra, lögreglusamvinnu, baráttu gegn skipulagðri afbotastarfsemi og dómsmálasamstarf í einkamálum og sakamálum og einnig skuldbindingar á sviði stefnu í samkeppnismálum, þ.m.t. endurskipulagningu skipasmíðaiðnaðarins (VIII. viðauki) og stáliðnaðarins (IX. viðauki).

Á sex mánaða fresti fram að inngöngu Króatíu skal framkvæmdastjórnin gefa út, sem óaðskiljanlegan hluta af reglubundnum eftirlitstöflum og -skýrslum sínum, mat á þeim skuldbindingum sem ríkið hefur gengist undir á þessum sviðum.

2. Ráðið getur, með auknum meirihluta að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, gert allar viðeigandi ráðstafanir ef í ljós koma athugunarefni í eftirlitsferlinu. Ekki skal viðhalda ráðstöfunum lengur en brýna nauðsyn ber til og skal ráðið falla frá þeim, í samræmi við sömu málsmeðferð, a.m.k. þegar leyst hefur verið með skilvirkum hætti úr athugunarefnum.

37. gr.

1. Komi alvarlegir erfiðleikar upp innan þriggja ára frá aðild, sem sennilegt er að verði viðvarandi innan einhverrar greinar atvinnulífsins eða geti valdið alvarlegri, efnahagslegri afturför á tilteknu svæði, getur Króatía sótt um heimild til verndarráðstafana til að koma aftur á fyrri jafnvægi og laga þá grein atvinnulífsins, sem um er að ræða, að efnahagskerfi hins innri markaðar.

Við sömu aðstæður getur núverandi aðildarríki sótt um heimild til verndarráðstafana að því er varðar Króatíu.

2. Að beiðni hlutaðeigandi ríkis skal framkvæmdastjórnin, með skjótvirkri málsmeðferð, ákvarða þær verndarráðstafanir sem hún telur nauðsynlegar og tilgreina viðeigandi skilyrði og fyrirkomulag í því tilliti.

Komi upp alvarlegir efnahagslegir erfiðleikar og fari viðkomandi aðildarríki þess eindregið á leit skal framkvæmdastjórnin bregðast við innan fimm virkra daga frá móttöku beiðni með meðfylgjandi, viðeigandi upplýsingum um aðdraganda. Ráðstafanir, sem þannig eru ákveðnar, skulu tafarlaust taka gildi, með þeim skal tekið tillit til hagsmuna allra hlutaðeigandi aðila og þær skulu ekki hafa í för með sér landamæravörslu.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 26, 28.1.2005, bls. 3.

3. Ráðstafanir, sem heimilaðar eru samkvæmt þessari grein, geta falið í sér frávik frá reglum sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og þessara laga, að því marki og svo lengi sem óhjákvæmilegt er til að ná markmiðum þessarar verndarráðstöfunar. Veita skal þeim ráðstöfunum forgang sem valda minnstri röskun á starfsemi innri markaðarins.

38. gr.

Ef Króatía stendur ekki við skuldbindingar sem landið hefur gengist undir í aðildarviðræðum, þ.m.t. skuldbindingar á sviði tiltekinna stefnumála sem varða atvinnustarfsemi er hefur áhrif yfir landamæri, og raskar þannig alvarlega starfsemi innri markaðarins eða ógnar fjárhagslegum hagsmunum Sambandsins eða ef yfirvofandi hætta er á slíku er framkvæmdastjórninni heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir, að fenginni rökstuddri beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, til loka tímabils sem lýkur allt að þremur árum eftir aðild.

Ráðstafanirnar skulu vera í réttu hlutfalli við tilefnið og skulu ráðstafanir, sem valda minnstri röskun starfsemi innri markaðarins, og beiting þeirra verndarráðstafana, sem í gildi eru á viðkomandi sérsviði, ef við á, látnar ganga fyrir. Ekki skal beita verndarráðstöfunum samkvæmt þessari grein til að koma á gerræðislegri mismunun eða duldum höftum á viðskipti milli aðildarríkja. Heimilt er að skírskota til verndarákvæðisins, jafnvel fyrir aðild, á grundvelli niðurstaðna eftirlits og skulu samþykktar ráðstafanir öðlast gildi á fyrsta degi aðildar nema kveðið sé á um síðari dagsetningu í þeim. Ekki skal viðhalda ráðstöfunum lengur en brýna nauðsyn ber til og þeim skal ætíð aflétt þegar staðið hefur verið við viðkomandi skuldbindingu. Þó er fjárlst að beita þeim fram yfir það tímabil sem tilgreint er í fyrstu málsgrein svo framarlega sem ekki hefur verið staðið við viðkomandi skuldbindingar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að aðlaga ráðstafanirnar eftir því sem við á í ljósi þess hvernig Króatíu miðar við að uppfylla skuldbindingar sínar. Áður en framkvæmdastjórnin afturkallar verndarráðstafanir skal hún tilkynna ráðinu það með góðum fyrirvara og taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda ráðsins þar að lútandi.

39. gr.

Ef alvarlegir ágallar eru, eða hætta á slíku er yfirvofandi, í Króatíu á lögleiðingu eða framkvæmd gerða sem stofnanirnar hafa samþykkt skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og gerða sem stofnanirnar hafa samþykkt fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans skv. VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið eða IV. bálki þriðja hluta stofnsáttmála Evrópubandalagsins, er framkvæmdastjórninni heimilt, til loka tímabils sem lýkur allt að þremur árum eftir aðild, að fenginni rökstuddri beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði og að höfðu samráði við aðildarríkin, að samþykkja viðeigandi ráðstafanir og tilgreina hvaða skilyrði og fyrirkomulag skuli gilda þar um.

Þessar ráðstafanir geta falist í tímabundinni frestun á beitingu viðkomandi ákvæða og ákvarðana í samskiptum milli Króatíu og annars aðildarríkis eða annarra aðildarríkja, án þess þó að það hafi áhrif á áframhaldandi náð dómsmálasamstarf. Heimilt er að skírskota til verndarákvæðisins, jafnvel fyrir aðild, á grundvelli niðurstaðna eftirlits og skulu samþykktar ráðstafanir öðlast gildi á fyrsta degi aðildar nema kveðið sé á um síðari dagsetningu í þeim. Ekki skal viðhalda ráðstöfunum lengur en brýna nauðsyn ber til og þeim skal ætíð aflétt þegar ráðin hefur verið bót á ágöllum. Þó er heimilt að beita þeim fram yfir það tímabil sem um getur í fyrstu málsgrein eða svo lengi sem ágallarnir eru til staðar. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að höfðu samráði við aðildarríkin, að aðlaga ráðstafanirnar eftir því sem við á í ljósi þess hvernig Króatíu miðar við að bæta úr þeim ágöllum sem komið hafa í ljós. Áður en framkvæmdastjórnin afturkallar verndarráðstafanir skal hún tilkynna ráðinu það með góðum fyrirvara og taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda ráðsins þar að lútandi.

40. gr.

Til að hamla ekki eðlilegri starfsemi innri markaðarins skal framkvæmd innlendra reglna Króatíu á umbreytingartímabilunum, sem um getur í V. viðauka, ekki hafa í för með sér landamæravörslu milli aðildarríkja.

41. gr.

Ef umbreytingarráðstafana er þörf til að auðvelda umskiptin frá gildandi fyrirkomulagi í Króatíu til þess sem leiðir af beitingu sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, með skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum

lögum, skal framkvæmdastjórnin samþykkja slíkar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 195. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi)⁽¹³⁾ í tengslum við b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011⁽¹⁴⁾ eða viðeigandi málsmeðferð eins og ákvarðað er í gildandi löggjöf. Þær má samþykkja innan þriggja ára frá aðildardegi og skal beiting þeirra takmarkast við það tímabil. Ráðinu er, með einróma ákvörðun, heimilt að lengja þennan frest að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Einnig má samþykkja umbreytingarráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, fyrir aðildardag ef þörf krefur. Ráðið skal samþykkja slíkar ráðstafanir með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða, hafi þær áhrif á þær leiðir sem framkvæmdastjórnin samþykkti upprunalega, skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær í samræmi við þá málsmeðferð sem fara ber eftir við samþykkt viðkomandi leiða.

42. gr.

Ef umbreytingarráðstafana er þörf til að auðvelda umskiptin frá gildandi fyrirkomulagi í Króatíu til þess sem leiðir af beitingu reglna Sambandsins um heilbrigði dýra og plantna og öryggi matvæla skal framkvæmdastjórnin samþykkja slíkar ráðstafanir í samræmi við viðeigandi málsmeðferð eins og ákvarðað er í gildandi löggjöf. Þessar ráðstafanir skulu samþykktar á þriggja ára tímabili frá aðildardegi og skal beiting þeirra takmarkast við það tímabil.

43. gr.

Ráðið skal, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, skilgreina skilmála sem heimila að:

- a) fallið verði frá kröfunni um yfirlitsskýrslu við brottför vegna framleiðsluvara, sem um getur í 2. mgr. 28. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem fluttar eru frá yfirráðasvæði Króatíu yfir yfirráðasvæði Bosníu og Hersegóvínu um Neum (Neum-hliðið),
- b) fallið verði frá kröfunni um yfirlitsskýrslu við komu vegna framleiðsluvara, sem falla innan gildissviðs a-liðar, þegar þær koma aftur inn á yfirráðasvæði Króatíu eftir að hafa farið yfir yfirráðasvæði Bosníu og Hersegóvínu um Neum.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin getur gert allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að nauðsynlegt starfsfólk sé fyrir hendi í Króatíu, eins og lögmælt er, í allt að 18 mánuði eftir að til aðildar kemur. Á þessu tímabili skulu embættismenn, starfsmenn í tímabundnu starfi og samningsbundnir starfsmenn, sem ráðnir hafa verið til starfa í Króatíu fyrir aðild og krafist er að starfi áfram í því ríki eftir aðildardag, njóta sömu fjárhagslegra og efnislegra kjara og voru í gildi fyrir aðild í samræmi við starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68⁽¹⁵⁾. Stjórnunarkostnaður, þ.m.t. laun annars starfsfólks sem þörf er á, skal greiddur af fjárlögum Evrópusambandsins.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

FIMMTI HLUTI**ÁKVÆÐI ER VARÐA FRAMKVÆMD ÞESSARA LAGA****I. BÁLKUR****AÐLÖGUN Á STARFSREGLUM STOFNANANNA OG Á REGLUM OG STARFSREGLUM NEFNDANNA***45. gr.*

Stofnanirnar skulu, í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í upprunalegu sáttmálunum, aðlaga starfsreglur sínar eins og nauðsyn krefur vegna aðildarinnar.

Aðlögun á reglum nefndanna, sem komið var á fót með upprunalegu sáttmálunum, og á starfsreglum þeirra, sem nauðsynleg er vegna aðildar, skal fara fram eins fljótt og unnt er eftir aðild.

II. BÁLKUR**GILDISSVIÐ GERÐA SEM STOFNANIRNAR SAMÞYKKJA***46. gr.*

Við aðild er litið svo á að tilskipunum og ákvörðunum í skilningi 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sé beint til Króatíu í samræmi við upprunalegu sáttmálana. Króatía telst hafa mótttekið tilkynningu um slíkar tilskipanir og ákvarðanir við aðild nema þegar um er að ræða tilskipanir og ákvarðanir sem öðlast gildi skv. þriðju undirgrein 1. mgr. og annarri undirgrein 2. mgr. 297. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

47. gr.

1. Króatía skal, frá aðildardegi, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum tilskipana og ákvarðana í skilningi 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins nema kveðið sé á um annan frest í þessum lögum. Króatía skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir eigi síðar en á aðildardeginum eða, ef um er að ræða síðari dagsetningu, innan frestsins sem kveðið er á um í þessum lögum.
2. Að því marki sem breytingar á tilskipunum í skilningi 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem settar eru fram í með þessum lögum, kalla á lagfæringar á lögum og stjórnsýslufyrirmælum núverandi aðildarríkja skulu þau aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að breyttum tilskipunum frá aðildardegi Króatíu nema kveðið sé á um annað í þessum lögum. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir eigi síðar en á aðildardeginum eða, ef um er að ræða síðari dagsetningu, innan frestsins sem kveðið er á um í þessum lögum.

48. gr.

Króatía skal, í samræmi við 33. gr. KBE-sáttmálans og innan þriggja mánaða frá aðild, senda framkvæmdastjórninni tilkynningu um þau ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem ætlað er að vernda heilsu starfsmanna og almennings á yfirráðasvæði Króatíu gegn hættu af völdum jónandi geislunar.

49. gr.

Að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni Króatíu, sem lögð er fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en á aðildardeginum, er ráðinu heimilt, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, eða framkvæmdastjórninni, ef hún samþykkti upphaflegu gerðina, að gera ráðstafanir um tímabundnar undanþágur frá gerðum stofnananna frá 1. júlí 2011 til aðildardags. Ráðstafanirnar skulu samþykktar í samræmi við reglur um atkvæðagreiðslu sem gilda um samþykkt gerðarinnar sem beðið er um tímabundna undanþágu frá. Ef þessar undanþágur eru samþykktar eftir aðild er heimilt að beita þeim frá og með aðildardegi.

50. gr.

Ef þörf er aðlögunar vegna aðildar á gerðum sem stofnanirnar hafa samþykkt frá því fyrir aðild og ekki er kveðið á um nauðsynlega aðlögun í þessum lögum eða viðaukum við þau skal ráðið, með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, eða framkvæmdastjórnin, ef hún hefur samþykkt upphaflegu gerðina, samþykkja í þessu skyni nauðsynlegar gerðir. Ef þessar gerðir eru samþykktar eftir aðild er heimilt að beita þeim frá og með aðildardegi.

51. gr.

Ráðið skal með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að beita ákvæðum þessara laga nema mælt sé fyrir um annað í þessum lögum.

52. gr.

Textar gerða stofnananna, sem voru samþykktir fyrir aðild og stofnanirnar hafa samið á króatísku, skulu frá aðildardegi vera jafngildir með sömu skilyrðum og textarnir sem samdir voru á núverandi opinberum tungumálum. Þeir skulu birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ef textarnir á núverandi opinberum tungumálum voru birtir þar.

III. BÁLKUR**LOKAÁKVÆÐI***53. gr.*

Ákvæði I.-IX. viðauka, viðbætur og bókunin við þá eru óaðskiljanlegur hluti þessara laga.

54. gr.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Ítalíu skal senda ríkisstjórn Lýðveldisins Króatíu staðfest endurrit sáttmálans um Evrópusambandið, sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, sem og sáttmálanna um breytingar og viðbætur við þá, þ.m.t. sáttmálans um aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sáttmálans um aðild Lýðveldisins Grikklands, sáttmálans um aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals, sáttmálans um aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og sáttmálans um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og sáttmálans um aðild Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku.

Textar þeirra sáttmála, sem um getur í fyrstu málsgrein og gerðir eru á króatísku, skulu fylgja með þessum lögum. Þessir textar eru jafngildir með sömu skilyrðum og textar sáttmálanna sem gerðir eru á núverandi opinberum tungumálum.

55. gr.

Framkvæmdastjóri ráðsins skal afhenda ríkisstjórn Lýðveldisins Króatíu staðfest endurrit alþjóðasamninga sem afhentir hafa verið til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðsins.

III. VIÐAUKI

2014/EES/58/11

Skrá sem um getur í 15. gr. aðildarlaganna: aðlaganir á gerðum sem stofnanirnar hafa samþykkt**1. FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU**

32005 L 0036: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

a) Í stað 5. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„5. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna, með fyrirvara um 43. gr. b, vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings og arkitekts, sem ríkisborgarar aðildarríkjanna hafa undir höndum og gefinn er út í fyrrum Júgóslavíu, eða ef námið hófst

a) að því er varðar Slóveníu, fyrir 25. júní 1991 og

b) að því er varðar Króatíu, fyrir 8. október 1991,

þar sem yfirvöld fyrrnefndra aðildarríkja staðfesta að slíkur vitnisburður hafi sama lögmæti innan yfirráðasvæðis þeirra og sá vitnisburður sem þau gefa út og, að því er varðar arkitekta, sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem er tilgreindur í 6. lið VI. viðauka fyrir þessi aðildarríki, að því er varðar aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun, sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings, að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 45. gr., og arkitekts að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 48. gr. og stundun þeirrar starfsemi.

Slíkri staðfestingu skal fylgja vottorð, gefið út af sömu yfirvöldum, þar sem fram kemur að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi á yfirráðasvæði þeirra í a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins.“

b) Eftirfarandi grein bætist við:

„43. gr. b

Áunnin réttindi í ljósmóðurfræðum gilda ekki um eftirfarandi menntun og hæfi sem fékkst í Króatíu fyrir 1. júlí 2013: vísa medicinska sestra ginekološko-opstetričkog smjera (yfirhjúkrunarfræðingur á sviði fæðingar- og kvenlækninga), medicinska sestra ginekološko-opstetričkog smjera (hjúkrunarfræðingur á sviði fæðingar- og kvenlækninga), vísa medicinska sestra primaljskog smjera (yfirhjúkrunarfræðingur með próf í ljósmóðurfræðum), medicinska sestra primaljskog smjera (hjúkrunarfræðingur með próf í ljósmóðurfræðum), ginekološko-opstetrička primalja (ljósmóðir á sviði fæðinga- og kvenlækninga) og primalja (ljósmóðir).“

2. HUGVERKARÉTTUR**II. VOTTORÐ UM VIÐBÓTARVERND**

1. 31996 R 1610: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 198, 8.8.1996, bls. 30).

(a) Eftirfarandi liður bætist við 19. gr. a:

„m) heimilt er að gefa út vottorð í Króatíu fyrir þau plöntuvarnarefni sem njóta verndar gilds grunneinkaleyfis hafi fyrsta leyfi til að setja vöruna á markað sem plöntuvarnarefni verið veitt eftir 1. janúar 2003 og að því tilskildu að umsókn um vottorð sé lögð fram innan sex mánaða frá aðildardegi.“

(b) Í stað 2. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þessi reglugerð skal gilda um vottorð um viðbótarvernd sem veitt eru í samræmi við innlenda löggjöf í Tékklandi, Eistlandi, Króatíu, á Kýpur, í Lettlandi, Litháen, á Möltu, í Póllandi, Rúmeníu, Slóveníu og Slóvakíu fyrir aðildardag hvers þeirra.“

3. FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

32006 L 0048: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) (Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).

Í 2. gr. bætist eftirfarandi við á eftir færslunni fyrir Frakkland:

„— í Króatíu: „kreditne unije“ og „Hrvatska banka za obnovu i razvitak“.“

4. LANDBÚNAÐUR

1. 31991 R 1601: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum (Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1).

Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir landfræðilegu sérmerkingunni „Nürnberger Glühwein“:

„Samoborski bermet“

8. UMHVERFISMÁL

1. 32003 L 0087: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

(a) Eftirfarandi málslíður bætist við fyrstu málsgrein í 9. gr.:

„Heildarfjöldi losunarheimilda í Bandalaginu verður aukinn í kjölfar aðildar Króatíu einungis sem nemur þeim fjölda losunarheimilda sem Króatía býður upp skv. 1. mgr. 10. gr.“

(b) Í II. viðauka a bætist eftirfarandi við eftir færslunni fyrir Spán:

„Króatía 26%“.

*IV. VIÐAUKI***Skrá sem um getur í 16. gr. aðildarlaganna: önnur varanleg ákvæði****1. HUGVERKARÉTTUR****Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins, II. bálkur þriðja hluta, frjálsir vöruf lutningar****SÉRSTAKT FYRIRKOMULAG**

Að því er varðar Króatíu getur handhafi einkaleyfis eða vottorðs um viðbótarvernd lyfs, sem lagt var fram hjá aðildarríki þegar ekki var hægt að fá slíka vernd í Króatíu á því lyfi, eða réttshafi hans, treyst á þau réttindi sem því einkaleyfi eða vottorði um viðbótarvernd fylgja til þess að koma í veg fyrir innflutning og markaðssetningu lyfsins í því aðildarríki eða aðildarríkjum þar sem það nýtur verndar einkaleyfis eða vottorðs um viðbótarvernd, jafnvel þótt hann hafi markaðssett lyfið í Króatíu í fyrsta skipti eða það hafi verið gert með hans samþykki.

Hver sá aðili sem fyrirhugar innflutning eða markaðssetningu lyfs, sem fellur undir fyrstu málsgrein, til aðildarríkis þar sem lyfið nýtur verndar einkaleyfis eða vottorðs um viðbótarvernd skal sýna lögbærum yfirvöldum fram á, í umsókninni fyrir viðkomandi innflutning, að handhafa eða rétthafa hafi verið tilkynnt um það með eins mánaðar fyrirvara.

2. STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM**Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins, 1. kaffi VII. bóls þriðja hluta, samkeppnisreglur**

1. Eftirfarandi aðstoðarkerfi og sérstök aðstoð, sem kemur til framkvæmda í Króatíu fyrir aðildardaginn og gildir áfram eftir þann dag, skulu við aðild teljast yfirstandandi aðstoð í skilningi 1. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

- a) ráðstafanir til aðstoðar sem komu til framkvæmda fyrir 1. mars 2002,
- b) ráðstafanir til aðstoðar sem skráðar eru í viðbættinn við þennan viðauka,
- c) ráðstafanir til aðstoðar sem samkeppnisstofnun Króatíu lagði mat á fyrir aðildardaginn og taldar eru samrýmast réttarreglum Sambandsins og sem framkvæmdastjórnin andmælti ekki á grundvelli alvarlegra efasemda um að þær samrýmdust innri markaðnum samkvæmt málsmeðferðinni sem sett er fram í 2. mgr.

Allar ráðstafanir, sem eru enn í gildi eftir aðildardaginn og teljast ríkisaðstoð og uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram hér að framan, skulu við aðild teljast ný aðstoð að því er varðar beitingu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Framangreind ákvæði gilda ekki um aðstoð við starfsemi sem tengist framleiðslu, vinnslu eða markaðssetningu framleiðsluvara sem skráðar eru í I. viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Að því marki sem Króatía æskir þess að framkvæmdastjórnin kanni aðstoðarráðstöfun samkvæmt málsmeðferðinni, sem lýst er í c-lið 1. mgr., skal ríkið láta framkvæmdastjórninni reglulega í té:

- a) skrá yfir yfirstandandi aðstoðarráðstafanir sem samkeppnisstofnun Króatíu hefur metið og komist að niðurstöðu um að samrýmist réttarreglum Sambandsins og
- b) hvers kyns aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta hvort aðstoðarráðstafanirnar, sem á að kanna, samrýmist réttarreglunum,

í samræmi við ákveðið skýrslusnið sem framkvæmdastjórnin lætur í té.

Andmæli framkvæmdastjórnin ekki yfirstandandi aðstoðarráðstöfun, á grundvelli alvarlegra efasemda um samrýmanleika ráðstöfunarinnar og innri markaðarins, innan þriggja mánaða frá viðtöku fullnægjandi upplýsinga um ráðstöfunina eða viðtöku yfirlýsingar Króatíu, þar sem landið gerir framkvæmdastjórninni grein fyrir að það telji veittar upplýsingar fullnægjandi af þeim ástæðum að viðbótarupplýsingar, sem beðið hefur verið um, séu ekki fáanlegar eða hafi þegar verið veittar, skal litið svo á að framkvæmdastjórnin hafi ekki andmælt.

Um allar aðstoðarráðstafanir, sem eru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina fyrir aðildardaginn samkvæmt málsmeðferðinni sem er lýst í c-lið 1. mgr., gildir sú málsmeðferð óháð því að Króatía hafi þegar gerst aðili að Sambandinu á þeim tíma þegar athuginin fór fram.

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að andmæla ráðstöfun, í skilningi c-liðar 1. mgr., skal teljast ákvörðun um að hefja formlega rannsókn í skilningi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (1) (nú 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins).

Ef slík ákvörðun er tekin fyrir aðildardaginn skal ákvörðunin ekki koma til framkvæmda fyrr en á aðildardeginum.

Viðbætur við IV. viðauka

Skrá yfir yfirstandandi aðstoðarráðstafanir sem um getur í b-lið 1. mgr. í gildandi aðstoðarkerfi sem kveðið er á um í 2. þætti (Samkeppnisstefna)

Einungis er litið á aðstoðarráðstafanir, sem eru skráðar í þennan viðbæti, sem yfirstandandi aðstoð í gildandi aðstoðarkerfi skv. 2. þætti að því marki sem þær falla innan gildissviðs 1. mgr.

Skráningarnúmer			Titill (upprunalegur)	Samþykkisdagur samkeppnisstofnunar Króatíu	Gildistími
Aðildarríki	Nr.	Ár			
HR	1	2011	Zakon o slobodnim zonama (NN 44/96, 92/05, 85/08)	17.6.2008	31.12.2016
HR	3	2011	Zakon o Hrvatskoj radioteleviziji (NN 137/10)	21.10.2010	Ótakmarkað
HR	4	2011	Odluka o otvorenosti Zračne luke Osijek d.o.o. u razdoblju od 2009. do 2013. godine, od 20. Veljače 2009. i 24. travnja 2009.	25.5.2009	31.12.2013
HR	5	2011	Program financiranja nakladništva od 2011. do 2013.	10.2.2011	31.12.2013
HR	6	2011	Naknadno odobrenje državnih potpora poduzetniku Rockwool Adriatic d.o.o.	30.12.2010	31.12.2015
HR	9	2011	Zakon o znanstvenoj djelatnosti i visokom obrazovanju (NN 123/03, 198/03, 105/04, 174/04, 46/07)	1.2.2007	31.12.2014
HR	10	2011	Odluka o obvezi otvorenosti Zračne luke Rijeka d.o.o. za javni zračni promet u razdoblju od 2010. do 2014., od 25. siječnja 2010. i 3. studenoga 2010.	10.3.2011	31.12.2014

*V. VIÐAUKI***Skrá sem um getur í 18. gr. aðildarlaganna: umbreytingarráðstafanir****1. FRJÁLSIR VÖRUFLOTNINGAR**

32001 L 0083: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

Þrátt fyrir kröfur um gæði, öryggi og verkun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2001/83/EB, skulu markaðsleyfi fyrir lyf, sem falla ekki undir 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2006 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (1) og sem eru á skrá (í viðbæti við þennan viðauka sem Króatía lætur í té) sem er gefin út samkvæmt lögum í Króatíu fyrir aðildardag, halda gildi sínu þar til þau eru endurnýjuð í samræmi við réttarreglur Sambandsins eða fjögur ár eru liðin frá aðildardegi, eftir því hvort ber fyrir að.

Markaðsleyfi með þessu fráviki skulu ekki njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í aðildarríkjunum á meðan þessar vörur hafa ekki verið leyfðar samkvæmt tilskipun 2001/83/EB.

Landsbundin markaðsleyfi sem eru veitt samkvæmt landslögum áður en til aðildar kemur og falla ekki undir þessa undanþágu og sérhvert nýtt markaðsleyfi skulu, frá aðildardegi, vera í samræmi við tilskipun 2001/83/EB.

2. FRJÁLS FÖR FÓLKS**Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins**

31996 L 0071: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtið. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

32004 L 0038: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

32011 R 0492: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1).

1. Ákvæði 45. gr. og fyrsta málsgrein 56. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins skulu einungis gilda að öllu leyti að því er varðar frjálsa för launafólks og frelsi til að veita þjónustu að því er lýtur að tímabundinni för launafólks, eins og hún er skilgreind í 1. gr. tilskipunar 96/71/EB, milli Króatíu annars vegar og sérhvers núverandi aðildarríkja hins vegar, sbr. þó umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um í 2.–13. mgr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 og fram að lokum tveggja ára tímabils frá aðildardegi munu núverandi aðildarríki beita innlendum ráðstöfunum eða ráðstöfunum, sem til eru komnar vegna tvíhliða samninga, til að stýra aðgangi króatískra ríkisborgara að vinnumarkaði sínum. Núverandi aðildarríkjum er heimilt að halda áfram að beita slíkum ráðstöfunum í fimm ár frá aðildardegi.

Króatískir ríkisborgarar, sem vinna löglega í núverandi aðildarríki á aðildardeginum og hafa haft aðgang að vinnumarkaði þess aðildarríkis í 12 mánuði samfelld eða lengur, munu njóta aðgangs að vinnumarkaði þess aðildarríkis en ekki að vinnumarkaði annarra aðildarríkja sem beita innlendum ráðstöfunum.

Króatískir ríkisborgarar, sem hafa frá aðild fengið aðgang að vinnumarkaði núverandi aðildarríkis í 12 mánuði samfelld eða lengur, skulu einnig njóta þessara sömu réttinda.

Þeir króatísku ríkisborgarar, sem um getur í öðrum og þriðja undirlið, skulu missa réttindin sem um getur í þessum undirliðum ef þeir fara af frjálsum vilja af vinnumarkaði þess núverandi aðildarríkis sem um ræðir.

Króatískir ríkisborgarar, sem vinna löglega í núverandi aðildarríki á aðildardeginum, eða á því tímabili þegar innlendum ráðstöfunum er beitt, og höfðu haft aðgang að vinnumarkaði þess aðildarríkis í minna en 12 mánuði, skulu ekki njóta þeirra réttinda sem um getur í annarri og þriðju undirgrein.

3. Ráðið skal endurskoða framkvæmd umbreytingarákvæðanna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., innan tveggja ára frá aðildardegi og á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni.

Þegar þeirri endurskoðun er lokið og eigi síðar en við lok tveggja ára tímabils frá aðildardegi skulu núverandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni hvort þau muni halda áfram að beita innlendum ráðstöfunum eða ráðstöfunum sem til eru komnar vegna tvíhliða samninga, eða hvort þau muni frá þeim tíma beita 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011. Ef engin tilkynning er gefin út gildir 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011.

4. Að beiðni Króatíu er heimilt að láta fara fram eina endurskoðun til viðbótar. Málsmeðferðin, sem um getur í 3. mgr., gildir og skal henni lokið innan sex mánaða frá viðtöku beiðni Króatíu.

5. Aðildarríki, sem viðheldur innlendum ráðstöfunum eða ráðstöfunum sem til eru komnar vegna tvíhliða samninga við lok fimm ára tímabilsins sem um getur í 2. mgr., getur, ef um er að ræða verulega röskun á vinnumarkaði þess eða hættu á röskun og eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni þar um, viðhaldið þessum ráðstöfunum í sjö ár frá aðildardegi. Ef engin tilkynning er gefin út gildir 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011.

6. Í sjö ár frá aðildardegi skulu aðildarríki, þar sem 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 gildir um króatíska ríkisborgara, sbr. 3., 4. eða 5. mgr., sem gefa út atvinnuleyfi til króatískra ríkisborgara vegna eftirlits á þessu tímabili, gera það sjálfkrafa.

7. Aðildarríki, þar sem 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 gildir um króatíska ríkisborgara, sbr. 3., 4. eða 5. mgr., geta gripið til málsmeðferðar samkvæmt öðrum og þriðja undirlið þessarar málsgreinar til loka sjö ára tímabils frá aðildardegi. Þegar aðildarríki, sem um getur í fyrsta undirlið, verður fyrir eða sér fyrir röskun á vinnumarkaði sínum, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum og láta þeim í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Aðildarríkið getur, á grundvelli þessara upplýsinga, farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún lýsi því yfir að beiting 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 verði stöðvuð tímabundið með öllu eða að hluta í því skyni að koma aftur á eðlilegu ástandi á svæðinu eða í atvinnugreininni. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um tímabundna stöðvun og um lengd og umfang hennar eigi síðar en tveimur vikum eftir viðtöku slíkrar beiðni og skal tilkynna ráðinu um ákvörðun sína. Hvaða aðildarríki sem er getur, innan tveggja vikna frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, óskað eftir því við ráðið að það ógildi eða breyti ákvörðuninni. Ráðið skal taka ákvörðun um slíka beiðni innan tveggja vikna með auknum meirihluta.

Aðildarríki, sem um getur í fyrsta undirlið, er heimilt í brýnum undantekningartilvikum að stöðva tímabundið beitingu 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 og í framhaldi af því senda framkvæmdastjórninni rökstudda tilkynningu.

8. Á meðan beiting 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 er stöðvuð tímabundið, sbr. 2.–5. mgr. og 7. mgr. hér að framan, gildir 23. gr. tilskipunar 2004/38/EB í Króatíu, að því er varðar ríkisborgara núverandi aðildarríkja, og í núverandi aðildarríkjum, að því er varðar króatíska ríkisborgara, með eftirfarandi skilyrðum, hvað varðar rétt aðstandenda launþega til að stunda vinnu:

- maki launþega og afkomendur þeirra, sem eru undir 21 árs aldri eða eru á framfæri þeirra, og búa löglega hjá launþeganum á yfirráðasvæði aðildarríkis á aðildardeginum, skulu við inngöngu tafarlaust fá aðgang að vinnumarkaði þess aðildarríkis. Þetta gildir ekki um aðstandendur launþega sem hefur á löglegan hátt fengið aðgang að vinnumarkaði þess aðildarríkis í minna en 12 mánuði,
- maki launþega og afkomendur þeirra, sem eru undir 21 árs aldri eða eru á framfæri þeirra, og búa löglega hjá launþeganum á yfirráðasvæði aðildarríkis frá og með degi sem ber upp á eftir aðildardeginum en meðan á beitingu umbreytingarákvæðanna, sem mælt er fyrir um hér að framan, stendur, skulu hafa aðgang að vinnumarkaði viðkomandi aðildarríkis þegar þeir hafa verið búsettir í viðkomandi aðildarríki í a.m.k. átján mánuði eða frá og með þriðja ári eftir aðildardaginn, eftir því hvort ber fyrir að.

Þessi ákvæði skulu ekki hafa áhrif á hagstæðari ráðstafanir hvort sem þær eru innlendar eða til komnar vegna tvíhliða samninga.

9. Að því marki sem ekki er heimilt að aðgreina ákvæði tilskipunar 2004/38/EB, sem taka við af ákvæðum tilskipunar ráðsins 68/360/EBE frá 15. október 1968 um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan Bandalagsins gagnvart launþegum aðildarríkjanna og fjölskyldum þeirra ⁽¹⁾, frá þeim ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 þar sem beitingu hefur verið frestað, skv. 2.–5. mgr. og 7. og 8. mgr., er Króatíu og núverandi aðildarríkjum heimilt að víkja frá þessum ákvæðum að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar 2.–5. mgr. og 7. og 8. mgr.

10. Hvenær sem núverandi aðildarríki beita innlendum ráðstöfunum eða ráðstöfunum sem til eru komnar vegna tvíhliða samninga, sbr. umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um hér að framan, er Króatíu heimilt að halda í gildi jafngildum ráðstöfunum að því er varðar ríkisborgara viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja.

11. Sérhverju núverandi aðildarríki, sem beitir innlendum ráðstöfunum í samræmi við 2.–5. mgr. og 7.–9. mgr., er heimilt að taka upp í landslög rýmri ákvæði um frjálsa för fólks en þau sem í gildi eru á aðildardeginum, þ.m.t. um fullan aðgang að vinnumarkaði. Frá og með þriðja ári eftir aðildardag er sérhverju núverandi aðildarríki, sem beitir innlendum ráðstöfunum, hvenær sem er heimilt að ákveða að beita þess í stað 1.–6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um sérhverja slíka ákvörðun.

12. Til að Þýskaland og Austurríki geti tekist á við alvarlega röskun eða hættu á röskun í sérstökum, viðkvæmum þjónustugeirum á vinnumarkaði sínum, sem gæti komið upp á tilteknum svæðum vegna þjónustustarfsemi milli landa, eins og hún er skilgreind í 1. gr. tilskipunar 96/71/EB, og svo fremi þau beiti, gagnvart frjálsri för króatískra launþega, sbr. umbreytingarákvæðin sem mælt er fyrir um hér að framan, innlendum ráðstöfunum eða ráðstöfunum sem til eru komnar vegna tvíhliða samninga er þeim heimilt, eftir að hafa tilkynnt það framkvæmdastjórninni, að víkja frá fyrstu málsgrein 56. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins með það í huga að takmarka, að því er varðar þjónustustarfsemi fyrirtækja með staðfestu í Króatíu, tímabundna för þeirra launþega sem hafa réttindi til að vinna í Þýskalandi og Austurríki sem er háð fyrirvara um innlendar ráðstafanir.

Skráin yfir þjónustugeira, sem heimilt er að falli undir þessa undanþágu, er sem hér segir:

— í Þýskalandi:

Geiri	Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE) (*) nema annað sé tekið fram
Byggingarstarfsemi, þ.m.t. skyldar greinar	45.1 til 4; Starfsemi, skráð í viðauka við tilskipun 96/71/EB
Ræstingar á atvinnuhúsnæði	74.70 Ræstingar á atvinnuhúsnæði
Önnur þjónusta	74.87 Eingöngu starfsemi innanhússhönnuða

(*) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE): sjá 31990 R 3037: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1),

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003 (Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33) og hún felld niður frá og með 30. apríl 2006 með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

— í Austurríki:

Geiri	Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE)* nema annað sé tekið fram
Garðyrkjuþjónusta	01.41
Skurður, mótun og fínþússun steina	26.7
Framleiðsla á burðarvirkjum úr málm og byggingareiningum úr málm	28.11
Byggingarstarfsemi, þ.m.t. skyldar greinar	45.1 til 4; Starfsemi, skráð í viðauka við tilskipun 96/71/EB
Öryggisþjónusta	74.60
Ræstingar á atvinnuhúsnæði	74.70
Heimahjúkrun	85.14
Félagsþjónusta án dvalar á stofnun eða heimili	85.32

(*) Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE): sjá 31990 R 3037: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1).

Að svo miklu leyti sem Þýskaland eða Austurríki víkja frá fyrstu málsgrein 56. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í samræmi við fyrsta og aðra undirgrein þessarar málsgreinar, er Króatíu heimilt að gera sambærilegar ráðstafanir eftir að hafa tilkynnt það framkvæmdastjórninni.

Áhrif beitingar þessarar málsgreinar skulu ekki leiða til þess að skilyrði fyrir tímabundinni för launþega milli Þýskalands eða Austurríkis og Króatíu vegna þjónustustarfsemi verði meira takmarkandi en þau sem eru í gildi á undirritunardegi aðildarsáttmálans.

13. Áhrif beitingar 2.–5. mgr. og 7.–11. mgr. skulu ekki leiða til þess að skilyrði fyrir aðgangi króatískra ríkisborgara að vinnumörkuðum núverandi aðildarríkja verði meira takmarkandi en þau sem eru í gildi á undirritunardegi aðildarsáttmálans.

Þrátt fyrir beitingu ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í 1.–12. mgr., skulu núverandi aðildarríki, á því tímabili sem innlendum ráðstöfunum eða ráðstöfunum, sem til eru komnar vegna tvíhliða samninga, er beitt, láta launþega, sem eru ríkisborgarar aðildarríkja, njóta forgangs fram yfir launþega sem eru ríkisborgarar þriðju landa að því er varðar aðgengi að vinnumarkaði sínum.

Ekki skulu gilda strangari takmarkanir um króatíska farandlaunþega og aðstandendur þeirra, sem hafa löglega búsetu og vinna í öðru aðildarríki, eða farandlaunþega frá öðru aðildarríki og aðstandendur þeirra, sem hafa löglega búsetu og vinna í Króatíu, en um þá sem eru frá þriðju löndum og hafa búsetu og vinna í viðkomandi aðildarríki eða Króatíu, eftir því sem við á. Enn fremur, vegna beitingar meginreglunnar um ívilnanir Sambandsins, skulu farandlaunþegar frá þriðju löndum, sem hafa búsetu og vinna í Króatíu, ekki njóta hagstæðari kjara en ríkisborgarar Króatíu.

3. FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

Sáttmálinn um Evrópusambandið og sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins.

Þrátt fyrir skuldbindingar samkvæmt sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á er Króatíu heimilt að viðhalda í sjö ár frá aðildardegi þeim takmörkunum, sem mælt er fyrir um í lögum þess um land til landbúnaðar (OG 152/08) sem í gildi eru við undirritun aðildarsáttmálans, varðandi kaup ríkisborgara annars aðildarríkis, ríkisborgara ríkjanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) og lögaðila, sem eru stofnaðir í samræmi við lög annars aðildarríkis eða ríkis sem á aðild að EES-samningnum, á landbúnaðarlandi. Í engu tilviki er þó heimilt að láta ríkisborgara aðildarríkis eða lögaðila, sem stofnaður er í samræmi við lög annars aðildarríkis, sæta lakari kjörum að því er varðar kaup á landi til landbúnaðar en hann hefði notið við undirritun aðildarsáttmálans eða sæta strangari takmörkunum en ríkisborgari eða lögaðili þriðja lands.

Sjálfstætt starfandi bændur, sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis og æskja þess að öðlast staðfestu og hafa fasta búsetu í Króatíu, skulu hvorki falla undir ákvæði fyrstu málsgreinar né aðrar reglur eða aðra málsmeðferð en gilda um króatíska ríkisborgara.

Almenn endurskoðun á þessari umbreytingarráðstöfun skal fara fram fyrir lok þriðja árs eftir aðildardag. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið. Ráðið getur með samhljóða samþykki og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar ákveðið að stytta eða binda enda á umbreytingartímabilið sem um getur í fyrstu málsgrein.

Ef fullnægjandi sannanir eru fyrir því að við lok umbreytingartímabilsins verði alvarleg röskun eða hætta á alvarlegri röskun á króatískum markaði fyrir land til landbúnaðar skal framkvæmdastjórnin, að beiðni Króatíu, ákveða framlengingu umbreytingartímabilsins í allt að þrjú ár. Takmarka má þessa framlengingu við tiltekin landsvæði sem hafa einkum orðið fyrir áhrifum af þessu.

4. LANDBÚNAÐUR

I. UMBREYTINGARRÁÐSTAFANIR Í ÞÁGU KRÓATÍU

1. 32001 L 0113: Tilskipun ráðsins 2001/113/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsultu, ávaxtahlauð og -mauk og kastaníuhnetumauk með sætuefni til manndis (Stjtið. EB L 10, 17.1.2002, bls. 67).

Þrátt fyrir þá skyldu sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal vera heimilt að markaðssetja vörur sem eru auðkenndar með heitunum „domaća marmelada“ og „ekstra domaća marmelada“ á markaði í Króatíu þar til þær birgðir þrýtur sem lágu fyrir á aðildardegi.

5. STEFNA ER VARÐAR ÖRYGGI MATVÆLA, HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

I. VARPHÆNUR

31999 L 0074: Tilskipun ráðsins 1999/74/EB frá 19. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um lágmarkskröfur um vernd varphæna (Stjtið. EB L 203, 3.8.1999, bls. 53).

Þrátt fyrir 6. gr. tilskipunar ráðsins 1999/74/EB má, að því er Króatíu varðar, halda varphænur, sem eru í varpi þegar aðildardagur rennur upp, í búrum sem eru ekki í samræmi við skipulagskröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein. Króatía skal sjá til þess að notkun þessara búra verði hætt eigi síðar en 12 mánuðum eftir að til aðildar kemur.

Egg úr þessum óinnréttuðu búrum skal einungis setja á innanlandsmarkað í Króatíu. Merkja skal slík egg og pakkningar þeirra skýrt með sérstöku merki sem gerir kleift að sinna nauðsynlegu eftirliti. Senda skal framkvæmdastjórninni greinargóða lýsingu á þessu sérstaka merki eigi síðar en ári fyrir aðildardaginn.

II. VINNSLUSTÖÐVAR (KJÖT, MJÓLK, FISKUR OG AUKAAFURÐIR ÚR DÝRUM)

32004 R 0852: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

32004 R 0853: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

1. Skipulagskröfurnar sem mælt er fyrir um í:

a) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004:

— II. kafla II. viðauka,

b) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004:

— II. og III. kafla I. þáttar III. viðauka,

— II. og III. kafla II. þáttar III. viðauka,

— I. kafla V. þáttar III. viðauka,

skulu ekki taka til tiltekinna vinnslustöðva fyrir kjöt, mjólk, fisk og aukaafurðir úr dýrum í Króatíu fyrr en 31. desember 2015, með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um hér á eftir.

2. Á meðan þær vinnslustöðvar, sem um getur í 1. mgr., njóta góðs af þeirri málsgrein skal einungis setja vörur, sem eru upprunnar í þessum vinnslustöðvum, á innanlandsmarkað í Króatíu eða á markað í þriðju löndum í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins eða nota þær til frekari vinnslu í vinnslustöðvum í Króatíu sem falla einnig undir 1. mgr., óháð því hvenær þær eru settar á markað.
3. Matvæli frá vinnslustöðvum, sem um getur í 1. mgr., skulu bera heilbrigðis- eða auðkennismerki frábrugðið því sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Senda skal framkvæmdastjórninni greinargóða lýsingu á þessu frábrugðna heilbrigðis- eða auðkennismerki eigi síðar en ári fyrir aðildardaginn.
4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda einnig um allar vörur sem eru upprunnar í samþættum vinnslustöðvum fyrir kjöt, mjólk eða fisk þar sem hluti vinnslustöðvar fellur undir 1. mgr.
5. Króatía skal stöðugt hafa eftirlit með framkvæmd innlendrar áætlunar um endurnýjun vinnslustöðva og láta framkvæmdastjórninni í té árlega áætlun um framþróun í þessu tilliti. Króatía skal sjá til þess að sérstakar áætlanir um endurnýjun hverrar og einnar þessara vinnslustöðva, með tímamörkum varðandi leiðréttingu á skipulagskröfum, séu unnar og framkvæmdastjórninni til reiðu leggi hún fram beiðni um það.
6. Framkvæmdastjórnin skal setja fram lista yfir vinnslustöðvarnar, sem um getur í 1. mgr., í góðan tíma áður en til aðildar kemur. Birta skal listann og skulu vera á honum heiti og heimilisfang hverrar vinnslustöðvar.
7. Króatía skal sjá til þess að hver sú vinnslustöð, sem hefur ekki uppfyllt réttarreglur Sambandsins um öryggi matvæla að öllu leyti áður en til aðildar kemur, hætti starfsemi nema hún falli undir ákvæði þessarar umbreytingarráðstöfunar.
8. Samþykkja má framkvæmdareglur til að tryggja snurðulausa framkvæmd umbreytingarfyrirkomulagsins með hliðsjón af reglugerðum (EB) nr. 852/2004 og nr. 853/2004, í samræmi við aðra málsgrein 12. gr. og aðra málsgrein 9. gr. eftir því sem við á.

III. MARKAÐSSETNING Á FRÆI

32002 L 0053: Tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1).

32002 L 0055: Tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs (Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33).

Króatíu er heimilt að fresta til 31. desember 2014 beitingu 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/53/EB og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/55/EB að því er varðar markaðssetningu á yfirráðasvæði ríkisins á fræi yrkja sem eru skráð í viðeigandi innlendar skrár yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði og yrki grænmetistegunda sem hafa ekki fengið opinbera viðurkenningu í samræmi við þessar tilskipanir. Á tímabilinu skal ekki markaðssetja þessi fræ á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

IV. NEUM

31997 L 0078: Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr:

1. Heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum frá þriðju löndum, sem eru flutt inn á eitt þeirra yfirráðasvæða, sem skráð eru í I. viðauka, skal fara fram á vegum aðildarríkjanna í samræmi við þessa tilskipun og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (*).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má undanskilja vörusendingar frá yfirráðasvæði Króatíu, sem fluttar eru um yfirráðasvæði Bosníu og Hersegóvínu um Neum (Neum-hliðið), áður en þær koma aftur inn á yfirráðasvæði Króatíu um komustað í Klek eða Zaton Doli, heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum með fyrirvara um að farið sé að eftirfarandi kröfum:
- a) þegar að aðildardegi kemur skal Króatía hafa ákvarðað komustaði norðan og sunnan við Neum-hliðið sem ráða yfir nauðsynlegum búnaði og mannafla og eru undir það búnir að fullnægja kröfum þessarar málsgreinar,
 - b) Króatía skal sjá til þess að:
 - i. vörusendingar séu einungis fluttar í lokuðum ökutækjum,
 - ii. ökutæki sem flytja vörusendingar séu innsiglið með sérstaklega númeruðu innsigli áður en farið en um Neum-hliðið,
 - iii. haldin sé skrá þar sem fram koma upplýsingar um hvaða innsigli snúmer fylgir hvaða ökutæki þannig að hægt sé að sinna nauðsynlegu eftirliti,
 - iv. skráðar séu upplýsingar um hvaða dag og á hvaða tíma dags ökutæki, sem flytja vörusendingar, fara frá og koma aftur til Króatíu þannig að reikna megi út heildarumflutningstíma,
 - c) Króatía skal sjá til þess að vörusendingar fái ekki að koma aftur inn á yfirráðasvæði Króatíu ef:
 - i. innsigli ökutækis hefur verið rofið eða skipt um það á meðan á umflutningi stendur um Neum-hliðið og/eða
 - ii. heildarumflutningstími er verulega umfram það sem telst viðunandi umflutningstími í ljósi heildarvegalengdar umflutningsins, nema lögbært yfirvald hafi látið fara fram mat á áhættu í tengslum við heilbrigði dýra og manna og gert skilvirkar, hæfilegar og markvissar ráðstafanir byggðar á því mati,
 - d) Króatía skal upplýsa framkvæmdastjórnina reglubundið og eftir þörfum um það þegar ekki hefur verið farið að kröfum b-liðar og um ráðstafanir sem það hefur gert samkvæmt c-lið,
 - e) samþykkja skal, ef þörf krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., ákvörðun um að fella tímabundið úr gildi eða falla frá undanþágu frá 1. mgr.,
 - f) samþykkja má, ef þörf krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., ítarlegar reglur um beitingu þessarar málsgreinar.

(*) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.“

7. STEFNA Í FLUTNINGAMÁLUM

1. 31992 R 3577: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um fjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) (Stjtið. EB L 364, 12.12.1992, bls. 7).

Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 6. gr.:

„4. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 4. gr. má beita opinberum þjónustusamningum, sem gerðir voru fyrir aðildardag Króatíu, til 31. desember 2016.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. skal skemmtisiglingaþjónusta milli hafna í Króatíu á skipum undir 650 brúttótonnum takmarkast, til 31. desember 2014, við skip sem eru skráð í Króatíu og sigla undir fána þess ríkis og eru starfrækt af skipafélögum sem eru stofnuð í samræmi við króatísk lög og hafa aðalstarfsstöð í Króatíu þar sem skilvirkt eftirlit fer fram.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. getur framkvæmdastjórnin, á umbreytingartímabili til 31. desember 2014, að fenginni rökstuddri beiðni frá aðildarríki, ákveðið, innan 30 virkra daga frá móttöku viðkomandi beiðnar, að skip, sem njóta góðs af undanþágunni sem sett er fram í 5. mgr. þessarar greinar, skuli ekki sinna skemmtisiglingaþjónustu milli hafna á tilteknum svæðum í öðru aðildarríki en Króatíu enda hafi verið sýnt fram á að rekstur slíkrar þjónustu raski verulega, eða að hætta sé á að hann raski verulega, innlendum flutningsmarkaði á viðkomandi svæðum. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun innan 30 virkra daga

skal viðkomandi aðildarríki eiga rétt á að beita verndarráðstöfunum þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið sína ákvörðun. Við neyðarástand getur aðildarríkið einhliða tekið upp viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir sem mega þó ekki vara lengur en í þrjá mánuði. Aðildarríkið skal tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Framkvæmdastjórnin getur fellt úr gildi ráðstafanirnar eða staðfest þær þar til hún tekur endanlega ákvörðun sína. Tilkynna skal aðildarríkjunum um þetta“.

10. UMHVERFISMÁL

I. LÁRÉTT LÖGGJÖF

1. 32003 L 0087: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

- a) Eftirfarandi gildir um allt flug milli tveggja flugvalla, sem staðsettir eru á króatísku yfirráðasvæði, og allt flug milli flugvallar, sem er staðsettur á króatísku yfirráðasvæði, og flugvallar, sem er staðsettur utan EES-svæðisins (hér á eftir nefnt „viðbótarflugstarfsemi“):
- i. Þrátt fyrir 2. mgr. 3. gr. c skal tímabil, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. og hefst 1. janúar 2013, hefjast 1. janúar 2014 að því er varðar viðbótarflugstarfsemi.
 - ii. Þrátt fyrir 4. mgr. 3. gr. c skal framkvæmdastjórnina ákvarða, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í sama ákvæði, sögulega losun frá viðbótarflugstarfsemi innan sex mánaða frá aðildardegi.
 - iii. Þrátt fyrir 2. mgr. 3. gr. d skal, frá 1. janúar 2014, sá hundraðshluti losunarheimilda, sem bjóða skal upp vegna viðbótarflugstarfsemi, vera sá hundraðshluti heimilda sem eftir stendur þegar reiknaður hefur verið sá fjöldi losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds skv. d-lið 3. mgr. 3. gr. e og sá fjöldi losunarheimilda sem er settur til hliðar í sérstakan varasjóð skv. 3. gr. f.
 - iv. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. d skal framkvæmdastjórnin ákvarða þær losunarheimildir í flugstarfsemi sem eru ætlaðar viðbótarflugstarfsemi fyrir viðmiðunarárið 2010 á grundvelli bestu fáanlegu gagna. Frá 1. júlí 2013 skal aðlaga þann fjölda losunarheimilda, sem boðnar eru upp af aðildarríkjunum þar sem heildarlosun frá flugsamgöngum tekur til losunar frá flugi frá flugvöllum í Króatíu, þannig að uppboðsheimildum, er tengjast þessari losun, sé endurúthlutað til Króatíu.
 - v. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. e skal vöktunarár vegna viðbótarflugstarfsemi vera árið 2012 og skal sækja um úthlutun losunarheimilda til lögbærra króatískra yfirvalda eigi síðar en 31. mars 2013.
 - vi. Þrátt fyrir 2. mgr. 3. gr. e skal Króatía leggja umsóknir er tengjast viðbótarflugstarfsemi fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. júlí 2013.
 - vii. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. e skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun um þau málefni, sem um getur í a- til e-lið hennar í tengslum við viðbótarflugstarfsemi, eigi síðar en 30. september 2013.
 - viii. Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 3. gr. e skal sá fjöldi losunarheimilda til viðbótarflugstarfsemi, sem úthluta skal án endurgjalds, reiknaður út með því að margfalda viðmiðunina, sem tilgreind er í e-lið, með summu tonnkilómetra sem tilgreindir eru í umsóknum sem eru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 2. mgr. 3. gr. e, aðlagað að meðaltalsbreytingum á umfangi flugstarfsemi í tonnkilómetrum í magni ársins 2010 sem heyrir undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir. Ef nauðsyn krefur getur viðmiðunin verið með fyrirvara um samræmdan leiðréttingarstuðul sem framkvæmdastjórnin beitir.
 - ix. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. e skal viðmiðunin, sem um getur í e-lið greinarinnar, að því er viðbótarflugstarfsemi varðar, vera hin sama og reiknuð er fyrir flugstarfsemi sem fellur innan viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir frá 1. janúar 2012.
 - x. Þrátt fyrir 5. mgr. 3. gr. e skal útgáfudagur losunarheimilda til viðbótarflugstarfsemi vera 28. febrúar 2014.
 - xi. Þrátt fyrir 3. gr. f skal, með hliðsjón af viðbótarflugstarfsemi, hvers konar tilvísun til annars almanaksárs tímabilsins sem hefst á árinu 2013 teljast vera tilvísun til ársins 2014 og hvers konar tilvísanir til þriðja almanaksárs þess tímabils teljast vera tilvísun til ársins 2015.

- xii. Þrátt fyrir 3. mgr. 14. gr. skal dagurinn sem er ákveðinn þar vera 1. júlí 2013 að því er viðbótarflugstarfsemi varðar.
 - xiii. Þrátt fyrir 1. mgr. 18. gr. a skal Króatía taka yfir stjórnsýslulega ábyrgð vegna flugrekenda á árinu 2014 þegar flugrekandi hefur uppfyllt skuldbindingar ársins 2013, nema samið sé um aðra dagsetningu milli fyrra stjórnsýslufyrivalds og Króatíu í kjölfar beiðni frá flugrekenda innan sex mánaða frá birtingu á uppfærðri skrá framkvæmdastjórnarinnar yfir flugrekendur sem tekur tillit til aðildar Króatíu. Í því tilviki skal ábyrgðin færast til eigi síðar en á árinu 2020 með hliðsjón af viðskiptatímabilinu sem hefst árið 2021.
 - xiv. Þrátt fyrir 6. lið I. viðauka skal viðbótarflugstarfsemi tekin með frá og með 1. janúar 2014.
- b) Með fyrirvara um undanþágurnar hér að framan skal Króatía samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að tryggja að ríkið geti farið að tilskipuninni frá og með aðild fyrir allt árið 2013.

III. MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

31999 L 0031: Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

- a) Þrátt fyrir a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. skal krafan um að minnka magn lífbrjótanlegs úrgangs, sem er urðaður, í 75%, 50% og 35% af því heildarmagni (miðað við þyngd) lífbrjótanlegs úrgangs sem til fellur á árinu 1997, gilda í Króatíu í samræmi við tímamörkin sem eru tilgreind hér á eftir.

Króatía skal sjá til þess að smám saman sé dregið úr magni lífbrjótanlegs úrgangs, sem er urðaður, samkvæmt eftirfarandi áætlun:

- i. eigi síðar en 31. desember 2013 skal minnka hlut lífbrjótanlegs úrgangs sem er urðaður í 75% af því heildarmagni (miðað við þyngd) lífbrjótanlegs úrgangs sem til fellur á árinu 1997,
 - ii. eigi síðar en 31. desember 2016 skal minnka hlut lífbrjótanlegs úrgangs sem er urðaður í 50% af því heildarmagni (miðað við þyngd) lífbrjótanlegs úrgangs sem til fellur á árinu 1997,
 - iii. eigi síðar en 31. desember 2020 skal minnka hlut lífbrjótanlegs úrgangs sem er urðaður í 35% af því heildarmagni (miðað við þyngd) lífbrjótanlegs úrgangs sem til fellur á árinu 1997.
- b) Þrátt fyrir c-lið 14. gr. skulu allir fyrirliggjandi urðunarstaðir í Króatíu uppfylla kröfur tilskipunarinnar eigi síðar en 31. desember 2018 að frátöldum þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. lið I. viðauka.

Króatía skal tryggja að úrgangur sem er urðaður á fyrirliggjandi urðunarstöðum, sem uppfylla ekki ákvæðin, minnki í áföngum í eftirfarandi hámarks magn á ári:

- eigi síðar en 31. desember 2013: 1 710 000 tonn,
- eigi síðar en 31. desember 2014: 1 410 000 tonn,
- eigi síðar en 31. desember 2015: 1 210 000 tonn,
- eigi síðar en 31. desember 2016: 1 010 000 tonn,
- eigi síðar en 31. desember 2017: 800 000 tonn.

Eigi síðar en 31. desember ár hvert, frá aðildarári að telja, skal Króatía láta framkvæmdastjórninni í té skýrslu varðandi framkvæmd tilskipunarinnar í áföngum og um að áfangamarkmiðum hafi verið náð.

IV. VATNSGÆÐI

1. 31991 L 0271: Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

Þrátt fyrir 3., 4. 5., 6. og 7. gr. gilda kröfur um safnræsi og hreinsun skólps frá þéttbýli í Króatíu til 1. janúar 2024 í samræmi við eftirfarandi áfangamarkmið:

- a) Eigi síðar en 31. desember 2018 skal uppfylla skilyrði tilskipunarinnar á þéttbýlisstöðum með yfir 15 000 persónueiningar að frátöldum eftirtöldum þéttbýlisstöðum við ströndina:

Bibinje - Sukošan,

Biograd,

Jelsa - Vrboška,

Makarska,

Mali Lošinj,

Malinska - Njivice,

Nin,

Pirovac - Tisno - Jezera,

Pula - sjever,

Vela Luka,

Vir.

- b) Eigi síðar en 31. desember 2020 skal uppfylla skilyrði tilskipunarinnar á þéttbýlisstöðum með yfir 10 000 persónueiningar þar sem skólpi er veitt inn á viðkvæm svæði og einnig að því er varðar hreinsistöðvar sem eru staðsettar á viðkomandi vatnasviðum Dónár og á öðrum viðkvæmum svæðum og stuðla að mengun á þeim svæðum og á þeim 11 þéttbýlisstöðum við ströndina sem um getur í a-lið.
- c) Eigi síðar en 31. desember 2023 skal uppfylla skilyrði tilskipunarinnar á þéttbýlisstöðum með yfir 2 000 persónueiningar.

2. 31998 L 0083: Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

Í undantekningartilvikum gilda örverufræðilegu færribreyturnar og vísifærribreyturnar, sem mælt er fyrir um í A- og C-hluta I. viðauka, eftir því sem við á, um eftirtalin vatnsöflunarsvæði (e. water supply zones) í Króatíu frá og með 1. janúar 2019:

Vatnsöflunarsvæði	Svæði nr.	Íbúaföldi	NUTS-kóði
DA BJELOVAR	107	51 921	HR02
DA DARUVAR	125	25 608	HR02
DA ĐURĐEVAC	204	30 079	HR01
DA GORSKI KOTAR	306	26 430	HR03
DA HRVATSKO ZAGORJE	101	143 093	HR01
DA ISTOČNA SLAVONIJA - SLAVONSKI BROD	129	124 349	HR02
DA ISTRA	301	97 046	HR03
DA JASTREBARSKO-KLINČA SELA	114	23 213	HR01
DA KARLOVAC-DUGA RESA	116	91 511	HR02
DA KNIN	404	17 187	HR03
DA KOPRIVNICA	203	58 050	HR01
DA KRIŽEVCI	103	36 338	HR01
DA LAPAC	311	1 880	HR03
DA LIČKA JESENICA	118	13 893	HR02
DA NAŠICE DA NERETVA-PELJEŠAC-	210	37 109	HR02
KORČULA-LASTOVO-MLJET	407	58 246	HR03

Vatnsöflunarsvæði	Svæði nr.	Íbúafjöldi	NUTS-kóði
DA OGULIN	117	25 192	HR02
DA OPATIJA-RIJEKA-KRK	304	238 088	HR03
DA OTOČAC	309	15 434	HR03
DA OZALJ	113	11 458	HR02
DA PETRINJA-SISAK	121	84 528	HR02
DA PISAROVINA	115	3 910	HR01
DA PITOMAČA	205	10 465	HR02
DA POŽEŠTINE	128	70 302	HR02
DA SVETI IVAN ZELINA	102	17 790	HR01
DA UDBINA-KORENICA	310	6 747	HR03
DA VARAŽDIN	201	184 769	HR01
DA VELIKA GORICA	503	75 506	HR01
DA ZAGREB	501	831 047	HR01
DA ZAPREŠIĆ	502	50 379	HR01
DA ZRMANJA-ZADAR	401	158 122	HR03
DA ŽRNOVNICA	307	20 160	HR03

V. SAMÞÆTTAR MENGUNARVARNIR OG EFTIRLIT MEÐ MENGUN (IPPC)

1. 31999 L 0013: Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum (Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1).

a) Þrátt fyrir 5. gr. og II. viðauka A og B skulu viðmiðunarmörk fyrir losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysa við tiltekna starfsemi og á tilteknum starfsstöðvum gilda um eftirtaldir starfsstöðvar í Króatíu frá og með þeim dögum sem um getur hér á eftir:

i. Frá og með 1. janúar 2014:

1. ČATEKS, dioničko društvo za proizvodnju tkanine, umjetne kože, kućanskog rublja i proizvoda za šport i rekreaciju (ČATEKS d.d.), Čakovec, Ulica Zrinsko-Frankopanska 25
2. Drvna industrija KLANA d.d. (DI KLANA d.d.), Klana, Klana 264.

ii. Frá og með 1. janúar 2015:

1. HEMPEL društvo s ograničenom odgovornošću Prerađivačka kemijska industrija (HEMPEL d.o.o.), Umag, Novigradska ulica 32
2. ALUFLEXPACK, proizvodno, trgovačko, export-import društvo s ograničenom odgovornošću (ALUFLEXPACK, d.o.o.), Zadar, Murvica bb - pogon Zadar (starfsstöðin Zadar, staðsetning: Zadar, Murvica bb)
3. ALUFLEXPACK, proizvodno, trgovačko, export-import društvo s ograničenom odgovornošću (ALUFLEXPACK, d.o.o.), Zadar, Murvica bb - pogon Umag (starfsstöðin Umag, staðsetning: Umag, Ungarija bb).

iii. Frá og með 1. janúar 2016:

1. PALMA društvo s ograničenom odgovornošću za proizvodnju pogrebnih potrepština (PALMA d.o.o.), Jastrebarsko, Donja Reka 24
2. FERRO-PREIS društvo s ograničenom odgovornošću za proizvodnju lijevanih, kovanih i prešanih metalnih proizvoda (FERRO-PREIS d.o.o.), Čakovec, Dr. Tome Bratkovića 2

3. AD PLASTIK dioničko društvo za proizvodnju dijelova i pribora za motorna vozila i proizvoda iz plastičnih masa (AD PLASTIK d.d.), Solin, Matoševa ulica 8 - staðsetning: Zagreb, Jankomir 5
4. REMONT ŽELJEZNIČKIH VOZILA BJELOVAR društvo s ograničenom odgovornošću (RŽV d.o.o.), Bjelovar, Trg kralja Tomislava 2
5. FEROKOTAO d.o.o. za proizvodnju transformatorskih kotlova i ostalih metalnih konstrukcija (FEROKOTAO d.o.o.), Kolodvorska bb, Donji Kraljevec
6. SAME DEUTZ-FAHR Žetelice, društvo s ograničenom odgovornošću za proizvodnju i usluge (SAME DEUTZ-FAHR Žetelice d.o.o.), Županja, Industrijska 5
7. CMC Sisak d.o.o. za proizvodnju i usluge (CMC Sisak d.o.o.), Sisak, Braće Kavurića 12
8. METALSKA INDUSTRIJA VARAŽDIN dioničko društvo (MIV d.d.), Varaždin, Fabijanska ulica 33
9. CHROMOS BOJE I LAKOVI, dioničko društvo za proizvodnju boja i lakova (CHROMOS BOJE I LAKOVI, d.d.), Zagreb, Radnička cesta 173/d
10. CHROMOS-SVJETLOST, Tvornica boja i lakova, društvo s ograničenom odgovornošću (CHROMOS- SVJETLOST d.o.o.), Lužani, Mijata Stojanovića 13
11. MURAPLAST društvo s ograničenom odgovornošću za proizvodnju i preradu plastičnih masa (MURAPLAST d.o.o.), Kotoriba, Industrijska zona bb
12. ISTRAPLASTIKA dioničko društvo za proizvodnju ambalaže (ISTRAPLASTIKA d.d.), Pazin, Dubravica 2/a
13. GRUDINA društvo s ograničenom odgovornošću za proizvodnju i usluge (GRUDINA d.o.o.), Županja, Aleja Matice hrvatske 21
14. SLAVICA - KEMIJSKA ČISTIONICA, vlasnik Slavica Hinek, Beli Manastir, J. J. Strossmayera 17
15. MIDA d.o.o. za usluge i ugostiteljstvo (MIDA d.o.o.), Osijek, Ivana Gundulića 206
16. EXPRESS KEMIJSKA ČISTIONA, vlasnik Ivanka Drčec, Križevci, Ulica Petra Preradovića 14
17. Kemijska čistionica "BISER", vlasnik Gojko Miletić, Dubrovnik, Nikole Tesle 20
18. Kemijska čistionica "ELEGANT", vlasnik Frane Miletić, Dubrovnik, Andrije Hebranga 106
19. KOLAR obrt za kemijsko čišćenje odjeće, vlasnik Svjetlana Kolar, Žakanje, Kamanje 70/a
20. MM d.o.o. za trgovinu i usluge (MM d.o.o.), Draganić, Lug 112
21. KEMIJSKA ČISTIONA "AGATA", vlasnik Branko Szabo, Virovitica, S. Radića 66
22. Obrt za kemijsko čišćenje odjeća "KEKY", vlasnik Jovita Malek-Milovanović, Pula, Dubrovačke bratovštine 29
23. LORNA d.o.o. za pranje i kemijsko čišćenje tekstila i krznenih proizvoda (LORNA d.o.o.), Pula, Valdebečki put 3
24. KEMIJSKA ČISTIONICA I KOPIRANJE KLJUČEVA "ŠUPER", vlasnik Ivan Šuper, Virovitica, J.J. Strossmayera 5
25. KEMIJSKO ČIŠĆENJE ŠTEFANEC kemijsko čišćenje tekstila i krznenih proizvoda, vlasnik Nadica Štefanec, Koprivnica, Ledinska 1a
26. ARIES društvo s ograničenom odgovornošću za proizvodnju glazbala i usluge (ARIES d.o.o.), Varaždin, Creska 3
27. OBRT ZA PRANJE I ČIŠĆENJE TEKSTILA I ODJEĆE ĐORĐEVIĆ, vlasnik Javorka Đorđević, Makarska, Ante Starčevića 2
28. OBRT ZA USLUGE PRANJA I KEMIJSKOG ČIŠĆENJA "KORDIĆ", vlasnik Pero Kordić, Makarska, Kipara Rendića 2

29. Kemijsko čišćenje tekstila i krznenih proizvoda ČISTIONICA GALEB, vlasnik Stipan Radović, Zadar, Varoška 6
 30. KEMIJSKA ČISTIONICA, vlasnik Krešimir Borovec, Varaždin, Juraja Habelića 2
 31. KEMIJSKA ČISTIONICA "VBM", vlasnik Biserka Posavec, Maruševec, Biljevec 47
 32. OBRT ZA KEMIJSKO ČIŠĆENJE I PRANJE RUBLJA "PLITVICE", vlasnik Momirka Ninić, Pula, Rizzijeva 34
 33. "ANA" KEMIJSKA ČISTIONA, vlasnik Saša Dadić, Pula, Zagrebačka 18
 34. Kemijska čistonica, vlasnik Gordana Bralić, Trogir, Put Demunta 16
 35. "ECONOMATIC" - PRAONICA RUBLJA, vlasnik Marino Bassanese, Umag, Savudrijska cesta 9
 36. SERVIS ZA ČIŠĆENJE "SJAJ", vlasnik Danijela Brković, Virovitica, Golo Brdo 2A.
- b) Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. 5. gr. skal sú skuldbinding rekstraraðila að sýna lögbæru yfirvaldi fram á það með fullnægjandi hætti að besta, fánlega tækni sé notuð við meðferð yfirborðsflata við skipasmíðar á eftirtöldum starfsstöðvum í Króatíu gilda frá 1. janúar 2016:
1. BRODOTROGIR d.d., Trogir, Put brodograditelja 16
 2. NCP-NAUTIČKI CENTAR PRGIN-REMONTNO BRODOGRADILIŠTE ŠIBENIK d.o.o. za remont i proizvodnju brodova (NCP - REMONTNO BRODOGRADILIŠTE ŠIBENIK d.o.o.), Šibenik, Obala Jerka Šižgorića 1
 3. BRODOGRADILIŠTE VIKTOR LENAC dioničko društvo (BRODOGRADILIŠTE VIKTOR LENAC d.d.), Rijeka, Martinščica bb
 4. 3. MAJ BRODOGRADILIŠTE d.d., Rijeka, Liburnijska 3
 5. BRODOSPLIT-BRODOGRADILIŠTE društvo s ograničenom odgovornošću (BRODOSPLIT-BRODOGRADILIŠTE d.o.o.), Split, Put Supavla 21
 6. ULJANIK Brodogradilište, d.d., Pula, Flaciusova 1.
2. 32001 L 0080: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinnna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1).
- Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. 4. gr. skulu viðmiðunarmörk fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks gilda að því er eftirtaldir stöðvar í Króatíu varðar frá og með 1. janúar 2018.
1. BELIŠĆE d.d., Belišće: gufukatlar K3+K4 (240 MW)
 2. DIOKI d.d., Zagreb: gufuketill SG 6401C (86 MW)
 3. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, TE Plomin 1: gufuketill (338 MW)
 4. TE PLOMIN d.o.o., Plomin, TE Plomin 2: gufuketill (544 MW)
 5. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, TE Rijeka: gufuketill (800 MW)
 6. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, TE Sisak – samstæða 1: gufukatlar 1A+1B (548 MW)
 7. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, TE Sisak – samstæða 2: gufukatlar 2A+2B (548 MW)
 8. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, TE-TO Zagreb: samanstandur af samstæðu C, gufukatli K3, heitavatnaskötlum VK 3, VK 4, VK 5, VK 6 og gufukatli PK 3 (alls: 828 MW)
 9. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, EL-TO Zagreb: samanstandur af 30 MW samstæðu með gufukötlum K4 (K8) og K5 (K9), 12 MW samstæðu með gufukatli K3 (K6), heitavatnaskötlum WK 1 og WK 3, og gufukatli K2 (K7) (alls: 510 MW)
 10. HEP-Proizvodnja d.o.o., Zagreb, TE-TO Osijek: gufukatlar K1+K2 (alls: 196 MW).

VI. ÍDEFNI

32006 R 1907: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- a) Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 23. gr. og 28. gr. þar sem skilgreindur er eindagi skráningar og forskráningar efna sem getið er þar skal heimila framleiðendum, innflytjendum og framleiðendum hluta sem hafa staðfestu í Króatíu sex mánaða aðlögunartíma frá aðildardegi að telja til að forskrá efni í skráningarbið. Þær dagsetningar sem marka eindaga fyrstu og annarrar skráningar og fram koma í 1. og 2. mgr. 23. gr. skal bera upp 12 mánuðum eftir aðildardag.
- b) Ákvæði 6., 7., 9., 17., 18. og 33. gr. gilda ekki í Króatíu í sex mánuði frá aðildardegi.
- c) Ef síðasta umsóknardag ber upp fyrir aðildardag eða innan sex mánaða eftir þann dag skulu umsækjendur, þrátt fyrir umbreytingarfyrirkomulagið sem tilgreint er vegna efna sem falla undir XIV. viðauka, með staðfestu í Króatíu fá sex mánaða aðlögunartíma frá aðildardegi að telja en við lok þess tímabils skulu umsóknir um leyfi hafa borist.

Viðbætur við V. viðauka

Skrá (*), sem Króatía lætur í té yfir lyf, sem markaðsleyfi er gefið út fyrir samkvæmt króatískum lögum fyrir aðildardag, skal gilda áfram þar til hún er endurnýjuð í samræmi við réttarreglur Sambandsins eða til 30. júní 2017, eftir því hvort ber fyrir að.

Þótt lyf sé á þessari skrá segir það ekki til um hvort veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir það í samræmi við réttarreglur Sambandsins.

(*) Sjá Stjtið. ESB C 119 E, 24.4.2012.